


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Allt
föstudagur




## Sandkastalakeppni krakka

*Á Bryggjuhátíð á Stokkseyri um helgina verða meðal annars veitt verðlaun fyrir flottasta sandkastalann.*

allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

16. júlí 2010 — 165. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Ofurfyrirsæta í Reykjavík

*Rússneska ofurfyrirsætan Natalia Vodianova nýtur veðurblíðunnar í Reykjavík.*

fólk 30

## Reif af sér gifsið

*Hjördís Lilja Örnólfsdóttir dansari mátti ekki fara með gifs um borð í flugvél.*

fólk 30



## Tvö íslensk töp í gær

*KR og Breiðablik töpuðu bæði fyrri leikjum sínum í Evrópukeppninni gær.*

íþróttir 26

## veðrið í dag




**SÓL OG BLÍÐA!** Í dag verður víðast hæg norðlæg átt en NA-strekkingur SA-til. Yfirleitt bjartviðri en skýjað með köflum og dálítil væta A-til. Hiti 10-22 stig, hlýjast S- og V-lands.

VEÐUR 4

# Sætuefnin fjölga fyrirburum

**Neysla drykkja með sætuefnum á meðgöngu getur aukið líkur á fyrirburafæðingum um 78 prósent samkvæmt nýrri rannsókn HÍ, Statens Serum Institut og Harvard-háskóla. Um 60 þúsund konur tóku þátt.**

**VÍSINDI** Neysla á svokölluðum dietdrykkjum getur aukið líkurnar á fyrirburafæðingum um allt að 78 prósent, að því er kemur fram í nýrri rannsókn sem birt er í læknatímaritinu American Journal of Clinical Nutrition. Rannsóknin var unnin sem samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Statens Serum Institut í Danmörku og Harvard.

Dr. Þórhallur Ingi Halldórsson, lektor við Háskóla Íslands og stjórnandi rannsóknarinnar, segir að rannsóknum á áhrifum sætuefna á menn sé enn mjög ábótavant. Þetta sé fyrsta rannsóknin á því sviði.

„Niðurstöðurnar sýndu að þær konur sem neyttu lítra á dag eða meira af drykkjum með sætuefnum voru í 78 prósent meiri hættu að eignast barnið sitt fyrir 37. viku," segir Þórhallur. „Þær sem drukku einungis eitt glas á dag voru í 38 prósent meiri hættu."

Verkefnið var stór ferilrannsókn sem 59.334 danskar konur tóku þátt í strax frá upphafi meðgöngu. Þær svöruðu spurningarlistum varðandi mataræði og tekin voru regluleg viðtöl við þær í gegnum síma alla meðgönguna. Unnið var úr upplýsingunum og þær bornar saman við upplýsingar frá fæðingardeildum sjúkrahúsa eftir fæðingar. Í ljós kom að þær sem höfðu neytt drykkja með sætuefnum voru í mun meiri hættu að eignast börn sín fyrir tímann. Neysla sykraðra drykkja virtist ekki hafa nein áhrif.

Þórhallur segir aspartam, sem er í flestum tegundum sykurlausra drykkja, ekki vera líffræðilega óvirkt efni og rannsóknir á dýrum hafi leitt í ljós að það geti valdið fyrirburafæðingum.

„Það er alltaf raunin með virk efni að það eru einhverjir hópar sem þola þau ekki," segir hann. „Þess vegna eru ófrískar konur kjörinn hópur til rannsókna. Fóstrið og konan eru mjög viðkvæm og tímabilið varir stutt. En það vantar vissulega upp á rannsóknir á þessum sviðum."

Þórhallur segir ekki skynsamlegt að hvetja fólk til að auka eða minnka eitt né neitt eftir niðurstöðum fyrstu rannsókna á tilteknum efnum.

„Við viljum að aðrir fari í sín gagnasöfn og skoði hvort þetta sé eitthvað sem taka ber alvarlega," segir hann. **- sv**



**STÖKKSÝNING Á YLSTRÖNDINNI** Fjölmörgum gestum á ylströndinni í Nauthólsvík brá í brún í gær þegar blálæddar ninjur réðust inn á ströndina og hoppuðu og skoppuðu. Bláu ninjurnar hafa skotið upp kollinum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið á síðustu vikum en enn er á huldu hverjir þarna eru að verki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spár gera ráð fyrir hlýju og þurru veðri í flestum landshlutum:

# Búist við blíðviðri um helgina

**VEÐUR** Gert er ráð fyrir áframhaldandi blíðviðri á landinu í dag og á stærstum hluta landsins um helgina. Hlýjast verður á suðvesturhorni landsins.

Gert er ráð fyrir góðu veðri á nánast öllu landinu í dag og meiri hita en í gær. Hæstur verður hitinn um 20 stig á Kirkjubæjarklaustri um miðjan dag, samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.

Á morgun er gert ráð fyrir því að hitinn verði á bilinu tíu til tuttugu stig og hlýjast verði á Suðvesturlandi. Léttskýjað verður víða um land en dálítil væta á Norðausturlandi. Vindur verður um þrír til átta metrar á sekúndu.

Á sunnudag kólnar heldur í veðri og líkur eru á skúrum seinni part dagsins inn til landsins. Áfram verður hlýjast á Kirkjubæjarklaustri og rigning á Norðausturlandi en annars staðar verður léttskýjað eða bjartviðri. **- þeb**

Vísindamenn ráða gátuna:

# Hænan kom á undan egginu

**VÍSINDI** Breskir vísindamenn hafa nú leyst hina ævafornu gátu um það hvort kom á undan, hænan eða eggið. Svarið er hænan.



**HÆNA OG EGG** Í ljós er komið að hæna verpti fyrsta hænuegginu veraldar. Samkvæmt því klaktist hænan sú ekki úr hænueggi.

Vísindamennirnir segja annað óhugsandi en að hænan hafi komið á undan vegna þess að framleiðsla eggja sé aðeins möguleg vegna tiltekins próteins í eggjastokkum hænanna.

„Menn hefur lengi grunað að eggið hafi komið á undan en nú höfum við vísindalega sönnun þess að í raun var það hænan," sagði dr. Colin Freeman við Sheffield-háskóla þegar niðurstaðan var ljós. Til að komast að henni þurfti ofurtölvan HECToR að kanna byggingu eggs nánar en hingað til hefur verið unnt. **- sh**










## SPURNING DAGSINS



*„Guðbjörg, er þetta þá ekki algjör steypa?"*

„Kannski, en ég hef gaman af því að steypa mér í djúpu laugina."

Guðbjörg Gissurardóttir er stofnandi nýs tímarits sem nefnist Í boði náttúrunnar og munu efnistök tengjast náttúrunni á ýmsan hátt. Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagðist Guðbjörg þó vera algjör steypustelpa sem hefði aldrei farið í sveit.

Kjaraviðræður slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og launanefndar sveitarfélaga sigldu í strand í gær:

# Stefnir í verkfall hjá slökkviliðsmönnum

**KJARAMÁL** Kjarasamningaviðræður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og launanefndar sveitarfélaga sigldu í strand í gær eftir sjö klukkutíma fund. Launanefndin hafnaði kröfum LSS og lagði síðan fram tilboð sem samninganefnd LSS gat ekki fallist á. Að öðru óbreyttu stefnir því í verkfall en boðað hefur verið til þess 23. júlí náist ekki samningar um bætt kjör.

„Launanefndin segir að hún sé búin að ganga eins langt og hún mögulega geti og ef svo er þá held ég að það náist ekki samningar," segir Finnur Hilmarsson, varaformaður LSS. Hann segir launanefndina hafa boðið 1,4 prósenta launahækkun en að það sé nokkuð langt frá kröfum LSS. „Okkar viðmið er stétt sem er ekkert óskyld okkur sem eru lögreglumenn.



**SLÖKKVILIÐSMENN VIÐ STÖRF** Náist ekki samningar við slökkviliðsmenn skellur á eins dags verkfall næstkomandi föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gerðardómur skar upp úrskurð um þeirra kjör í vor og okkar kröfur eru ekki langt frá þeim kjörum," sagði Finnur enn fremur.

Spurður um verkfallið sagði Finnur: „Verkfallið er bara einn dagur. Svo munum við boða aftur til eins dags verkfalls verði ekki gengið að kröfum okkar og svo kemur að því að við förum í allsherjarverkfall."

Verkfall slökkviliðsmanna hefði það í för með sér að lágmarksfjöldi starfsmanna væri á hverri vakt og ekki væri hægt að kalla út aukamannskap. Á höfuðborgarsvæðinu yrðu þá 22 starfsmenn til reiðu en til samanburðar voru rúmlega 80 slökkviliðsmenn á vettvangi þegar bruni varð á horni Lækjargötu og Austurstrætis í apríl 2007.

- mþl

# Benti á Svedda tönn

**Sakborningur í stóru kókaínsmyglmáli segir hugmyndina að smyglinu komna frá Sverri Þór Gunnarssyni, meintum eiturlyfjabarón, sem fékk þungan dóm í stóra fíkniefnamálinu og fer nú huldu höfði á Spáni. Burðardýrið játaði sök.**

**DÓMSMÁL** Sakborningur í stóru fíkniefnamáli bar fyrir dómi í gær að Sverrir Þór Gunnarsson, betur þekktur sem Sveddi tönn, hefði lagt á ráðin um innflutning efnanna, ríflega eins og hálfs kílós af kókaíni. Annar sakborningur viðurkenndi að hafa átt samskipti að undanförnu við Sverri, sem dvelur á Spáni, og millifært á hann þrjár milljónir um síðustu jól.

Sverrir Þór, sem á árum áður var kallaður Sveddi tönn í undirheimunum vegna tannlýtis, hlaut árið 2000 sjö og hálfs árs fangelsisdóm fyrir þátttöku sína í stóra fíkniefnamálinu svokallaða. Síðan hann kom úr fangelsi hefur hann dvalið erlendis, meðal annars í Brasilíu og á Spáni. Lögregla hérlendis hefur hann grunaðan um að vera höfuðpaurinn á bak við margar smygltilraunir og innflutning á miklu magni af fíkniefnum til Íslands undanfarin ár, frá Spáni og Suður-Ameríku. Síðan kókaínmálið, sem tekið var til meðferðar í gær, kom upp hefur íslensk og spænsk lögregla leitað Sverris á Spáni án árangurs.

Fyrir dómi í gær játaði burðardýr kókaínsins, Jóhannes Mýrdal, að hafa farið til Alicante og tekið við ferðatöskum sem innihéldu kókaínið. Hann sagðist hafa talið að um kannabisefni væri að ræða og að hann hafi átt að fá hálfa til eina milljón fyrir viðvikið.

Orri Freyr Gíslason og Pétur Jökull Jónasson eru einnig ákærðir í málinu en vísa hvor á annan. Orri og Pétur þekktust ekki fyrir handtöku en í yfirheyrslum hjá lögreglu bendluðu þeir báðir Davíð Garðarsson við málið. Hann er einnig ákærður í málinu. Davíð er dæmdur nauðgari og var á flótta undan réttvísinni í útlöndum í hálft annað ár. Á þeim tíma dvaldi hann meðal annars hjá Sverri Þór í Brasilíu.

Í réttarsalnum í gær gjörbreyttist framburður Orra og Péturs og kannaðist þá hvorugur við aðild Davíðs. Þetta þótti saksóknara grunsamlegt og spurði hvort Davíð hefði rætt við mennina tvo eftir að þeir voru handteknir. Því játti Davíð. Spurður hvort honum þætti ekki einkennilegt að framburðurinn hefði breyst svo mikið eftir þau samskipti svaraði Davíð engu.



**DAVÍÐ HLÍFT** Tveir sakborningar, sem ekki þekktust, sögðu lögreglu að Davíð Garðarsson væri viðriðinn málið. Nú hefur sá framburður snarlega breyst eftir samskipti þeirra við Davíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orri sagði hins vegar hugmyndina að smyglinu komna frá Sverri Þór og fimmta sakborningnum, Guðlaugi Agnari Guðmundssyni, sem ákærður er fyrir skipulagningu og fjármögnun smyglsins.

Guðlaugur neitaði alfarið sök fyrir dómi í gær. Hann gekkst þó við því að þekkja Sverri. Þeir hefðu verið vinir í fjögur ár og um jólin hefði hann millifært til Sverris þrjár milljónir. Guðlaugur, sem hefur dvalið mikið erlendis síðustu ár, meðal annars í Brasilíu og á Spáni, sagðist hins vegar ekkert vita um tengsl Sverris við fíkniefni.

Sverrir er ekki ákærður í málinu enda hefur hann ekki fundist svo taka megi af honum skýrslu. Komi hann í leitirnar er hins vegar ekki útilokað að hann verði þá dreginn fyrir dóm. stigur@frettabladid.is



**Í FELUM** Sverrir Þór hefur dvalið í Brasilíu og á Spáni undanfarin ár. Lögregla hefur undanfarið leitað hans á Spáni, án árangurs.

Evrópsk fjarskiptafyrirtæki:

## Frjálslega farið með viðkvæm persónugögn

**FJARSKIPTI** Evrópskar persónuverndarstofnanir segja athugun á meðferð persónuupplýsinga í fjarskiptagögnum í álfunni hafa leitt í ljós að varðveisluskyldu á fjarskipta- og vefumferðarupplýsingum sé ekki réttilega framfylgt í ríkjum Evrópusambandsins.

„Meðal annars hafi komið í ljós að upplýsingar hafi verið varðveittar of lengi, of mikið hafi verið varðveitt af upplýsingum og þeim hafi verið miðlað of frjálslega," segir í frétt Persónuverndar af málinu. Lesa má úr ályktun stofnananna að Ísland hafi ekki verið meðal þeirra landa sem könnuð voru í þessu samhengi.

- gar

Olíulekinn í Mexíkóflóa:

## Lokað fyrir lekann tímabundið

**BANDARÍKIN, AP Breska olíufyrirtækið BP lýsti því yfir í gærkvöldi að olía væri hætt að flæða út í Mexíkóflóa tímabundið.**

**Þetta er í fyrsta skipti sem tekist hefur að loka fyrir olíuflæðið síðan sprenging varð í Deepwater Horizon olíuborpallinum hinn 30. apríl síðastliðinn.**

**Settur hefur verið tappi í gatið á olíuleiðslunni sem flæðir út úr en talsmenn BP segja að hann gæti haldið í allt að tvo sólarhringa.**

**Fyrirtækið vinnur áfram að því að finna varanlega lausn á lekanum.** - mþl

### HAFNARFJÖRÐUR

**Bruni í togara**

Eldur kom upp í vélarrúmi þýska togarans Kiel, sem liggur í Hafnarfjarðarhöfn, í gær. Slökkvilið kom fljótt á staðinn og greiðlega gekk að slökkva eldinn. Engan sakaði.



**HLJÓMALINDARREITURINN** Finna má útimarkað á Hljómalindarreitnum í allt sumar en mest er um að vera á laugardögum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Líf og fjör í miðborginni:

## Tónleikar og götumarkaður

**FÓLK Efnt verður til útitónleika í Hljómskálagarðinum í kvöld. Fram koma reggíhljómsveitin Hjálmar, Hörður Torfason og fleiri.**

**Á morgun verða svo ýmsar uppákomur í tilefni þess að þá er langur laugardagur. Meðal annars verður útimarkaður á Hljómalindarreitnum þar sem fólk getur fengið söluborð sér að kostnaðarlausu. Að venju verður fjölbreytt ur varningur í boði auk lifandi tónlistar.** - mþl

### DANMÖRK

**Múslimsk hjúkrunarheimili**

Múslimskir innflytjendur í Danmörku skoða nú möguleikann á því að opna bæði framhaldsskóla og hjúkrunarheimili fyrir múslima í landinu. Þeir vonast til að hægt verði að opna fyrstu stofnanirnar eftir tvö til fjögur ár og segja mörg hjúkrunarheimili ekki sinna matarhefðum og hátíðisdögum múslima nógu vel.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hafa klippt 70 númeraplötur**

Lögreglan á Suðurnesjum hefur klippt bílnúmer af 70 bílum það sem af er júlí vegna ógreiddra trygginga. Oftast eru plöturnar teknar að næturlagi.






AGS ráðleggur stjórnvöldum ekki að hækka skatta heldur bendir á möguleika:

# Stjórnvalda að ákveða aðferðir

**EFNAHAGSMÁL** Höfundar skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um íslenska skattkerfið segjast einungis hafa bent á möguleika til að auka tekjur ríkisins með aukinni skattheimtu, það sé íslenskra stjórnvalda að velja á milli þess að hækka skatta eða finna leiðir til að skera niður ríkisútgjöldin.

„Hvort skattar verða hækkaðir eða ekki er ákvörðun sem ríkisstjórnin og íbúar Íslands verða að taka," sagði Julio Escolano, einn skýrsluhöfunda, á fundi með fjölmiðlafólki á vegum AGS í gær.

Tvær leiðir eru færar til að stoppa í fjárlagagat næstu ára, og hvorug góð, sagði Escolano. Undir það tók Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS á Íslandi. Hann sagði ríkisstjórnina verða að hækka skatta eða skera niður útgjöld til að halda sig innan ramma samkomulagsins sem hún hefur gert við AGS, en það sé ekki sjóðsins að segja í hvaða hlutfalli það þurfi að gerast.

Escolano segir kenningar um að með því að lækka skatta megi auka tekjur ríkisins með aukinni veltu hagkerfisins áhugaverðar, en hann hafi aldrei séð þær ganga upp í raunveruleikanum. Til dæmis megi benda á tekjuskerðingu íslenska ríkisins þegar virðisaukaskattur hafi verið lækkaður í sjö prósent.



**TVEIR KOSTIR** Stjórnvöld verða að skera niður útgjöld eða hækka skatta til að halda sig innan ramma samningsins við AGS, sagði Franek Rozwadowski, sendifulltrúi sjóðsins á Íslandi, á fundi með fjölmiðlafólki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- bj

# SKJÁR*EINN* FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA



**SkjárEinn** býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

Veldu áskrift á skjareinn.is: **Skjáreinn** 2.200 kr.

EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP



**OPNA** 15.-18. JÚLÍ
**BRESKA**
Í OPINNI DAGSKRÁ
*ALLIR KEPPNISDAGARNIR Í BEINNI*

ÁSKRIFT AÐ SKJÁ*EINUM* INNIHELDUR:

SKJÁR*EINN* &
SKJÁR*FRELSI*

SKJÁRBÍÓ
VOD

SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

ENNEMM / SÍA / NM40685

**GENGIÐ 15.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,94 | 123,52 |
| Sterlingspund | 188,73 | 189,65 |
| Evra | 157,61 | 158,49 |
| Dönsk króna | 21,152 | 21,276 |
| Norsk króna | 19,842 | 19,958 |
| Sænsk króna | 16,75 | 16,848 |
| Japanskt jen | 1,3942 | 1,4024 |
| SDR | 184,95 | 186,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,9861

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfshópur um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfis skilar seinna af sér:

# Ekki einróma álit um endurskoðun

**SJÁVARÚTVEGUR** Starfshópur um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur fundað stíft undanfarna daga og er búinn að leggja drög að skýrslu til ráðherra. Fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva taka nú þátt í starfi hópsins á ný.

Guðbjartur Hannesson, formaður hópsins, segir að rammi sé kominn að heildarskýrslu hópsins. Nú sé verið að vinna betri útfærslu á ákveðnum hugmyndum og ekki náist að skila skýrslu í júlí, eins og að var stefnt. Líklegra sé að vinnu hópsins ljúki um eða eftir miðjan ágúst.

Guðbjartur segir að þrír þættir séu til skoðunar; auðlindirnar í stjórnarskránni, einstakir þættir núverandi kerfis og úthlutun aflaheimilda. Nefndin muni skila tillögum varðandi stjórnarskrána til stjórnlaganefndar og stjórnlagaþing muni fjalla um þær. Áfram er unnið út frá aflahlutdeildarkerfi.

„Úthlutun aflaheimilda er stærsta málið og við höfum skoðað ýmsar hugmyndir. Tvær þeirra lifa og verið er að útfæra þær betur svo þær séu tækar í skýrslu hópsins.“

Ólíklegt verður að teljast að samhljóða álit náist á milli allra aðila, en Guðbjartur á von á að samkomulag náist um meginsjónarmið. Hann segist ekki geta svarað því hvort farið verði eftir fyrningarleiðinni á kjörtímabilinu, líkt og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum.

Hópurinn skilar tillögum sínum til sjávarútvegsráðherra. - kóp



**UPPSKIPUN** Starfshópurinn mun skila ráðherra tillögum að endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins um miðjan ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Grunaður um hryðjuverk:

## Íraki framseldur til Noregs

**NOREGUR Grunaður hryðjuverkamaður, sem var handtekinn í Þýskalandi í síðustu viku, hefur verið framseldur til Noregs. Hann er einn þriggja manna sem taldir eru hafa lagt á ráðin um stórfelld hryðjuverk í Noregi.**

**Maðurinn heitir Shawan Sadek Saeed Bujak og er frá Írak. Hann var yfirheyrður strax við komuna til Noregs í gærmorgun og neitaði öllum sökum. Hann sagðist enga vitneskju hafa um áætlanir um hryðjuverk. Norska lögreglan fann þó ýmis efni sem notuð eru í sprengjugerð í kjallarageymslu sem hann hefur aðgang að.**

**Mennirnir eru allir í gæsluvarðhaldi vegna málsins. - þeb**

Nóg af laxi fyrir austan:

## Tvöföld veiði í Selánni í sumar

**STANGVEIÐI** Ríflega tvöfalt fleiri laxar hafa veiðst í Selá í Vopnafirði það sem af er sumri miðað við það sem veitt hefur verið á sama tímapunkti á síðustu fimm árum að meðaltali. Síðustu fimm ár hafa þó verið metár í Selá að sögn Orra Vigfússonar. „Við erum komnir í 425 laxa. Sjálfur var ég að koma úr Selá og hollið veiddi 118 laxa. Þeim var næstum öllum sleppt,“ segir Orri.



ORRI VIGFÚSSON

„Þegar svona mikill lax er til að byrja með þá dettur botninn oftast fyrr úr veiðinni í ágúst eða september. En þegar laxinn er fyrr á ferðinni er samt yfirleitt meira af honum. Það gleðilega er líka að smálaxinn virðist koma í mjög góðum holdum úr sjónum.“ - gar

# Neyðarhnappur í vinnslu hér á landi

**Notendur Facebook í Bretlandi geta nú sett upp neyðarhnapp til að tilkynna um óeðlilegt athæfi. Verið er að vinna í þessum málum hér á landi og vonandi hefjast viðræður við síðuna um uppsetningu í haust, segir formaður SAFT.**

**TÆKNI** Notendum Facebook-samskiptasíðunnar í Bretlandi hefur verið gert mögulegt að setja upp neyðarhnapp á síðum sínum. Þannig geta þeir látið vita af hvers kyns óeðlilegu athæfi fólks gagnvart þeim.

Hnappurinn er sérstaklega ætlaður börnum og unglingum sem nota síðuna. Tilkynningar í gegnum hnappinn munu bæði berast til Facebook og einnig til Ceop, sem er opinber eftirlitsstofnun með barnavernd í Bretlandi. Ceop mun veita ráð um hvernig á að bregðast við mögulegum ógnum á netinu en það var stofnunin sem kallaði eftir því að hnappurinn yrði settur upp. Stjórnendur Facebook voru upphaflega á móti því og töldu eigið öryggiskerfi duga. Aðrar samskiptasíður, til dæmis Myspace, hafa tekið neyðarhnappinn upp.

Þrýstingur á stjórnendur Facebook jókst eftir að sautján ára gamalli breskri stúlku, Ashleigh Hall, var nauðgað og hún myrt af manni sem hún kynntist á Facebook. Maðurinn þóttist vera jafnaldri hennar en var í raun 33 ára gamall dæmdur kynferðisbrotamaður.

Mjög brýnt er að auðvelt sé að tilkynna um allt sem er óeðlilegt á félagslegum síðum eins og Facebook, segir Guðberg K. Jónsson, formaður SAFT, netöryggismiðstöðvar Íslands. Á Íslandi sé einnig verið að vinna í þessum málum. „Barnaheill rekur svokallaða ábendingarlínu sem er hönnuð sérstaklega til að tilkynna um kynferðisafbrot gegn börnum á netinu,“ segir Guðberg. Hann segir að síðastliðið ár hafi verið unnin forvinna fyrir endurhönnun á þessum ábendingar- og neyðarhnappi.



**SAMSKIPTASÍÐAN SKOÐUÐ** Formaður SAFT segir mjög brýnt að auðvelt sé fyrir notendur Facebook að tilkynna um allt sem er óeðlilegt á félagslegum síðum.

„Vonandi getum við kynnt þennan hnapp í haust. Hann verður kynntur með þeim hætti að þeim sem búa til eða dreifa efni á netinu og halda úti vefsíðum þyki eftirsóknarvert að setja hnappinn upp hjá sér.“ Hægt verður að koma hnappinum upp á hvaða síðu sem er. „Á þessum tímapunkti munum við ræða við Facebook líka um möguleikann á að bjóða upp á þennan hnapp.“ Það eru þó ekki bara börn sem þurfa að vara sig á netinu heldur er þar alls kyns glæpa- og svikastarfsemi í gangi, segir Guðberg. Nauðsynlegt sé að auðvelt sé að tilkynna um slíkt og er stefnt á að íslenski hnappurinn verði auðveldur og aðgengilegur í notkun.

thorunn@frettabladid.is

### Nauðgun tengd við Facebook

Íslenskur maður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í maí fyrir nauðganir. Hann komst í kynni við fórnarlömb sín á Facebook-samskiptasíðunni og mælti sér mót við þau. Maðurinn nauðgaði stúlku fæddri árið 1993 og hélt henni nauðugri yfir nótt á heimili sínu. Hann var einnig dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn barni og nauðgun gegn stúlku fæddri 1995, og fyrir að hafa haft samfarir við þrettán og fjórtán ára stúlkur. Hann var dæmdur í fimm ára fangelsi.

Kjarabarátta í Bandaríkjunum:

## Styður baráttu gegn Century

**KJARAMÁL** Iðnaðarsvið Starfsgreinasambandsins hefur sent bandarísku verkalýðsfélagi, United Steel Workers – Local 9433 stuðningsyfirlýsingu, vegna baráttu þess við Century Aluminium. Fyrirtækið rekur álver á Grundartanga og hyggur á byggingu álvers í Helguvík.

Kjarasamningar ytra hafa verið lausir síðan í apríl og frestur til að ganga frá nýjum rann út í maí. Fyrirtækið krefst þess að starfsmenn samþykki skerðingu á sjúkratryggingu og afnám samráðs starfsmanna og stjórnenda. Starfsmannasambandið áréttar að þess verði gætt að alþjóðleg fyrirtæki noti ekki Ísland til félagslegra undirboða. - kóp



**VATÍKANIÐ** Ný refsiviðmið eru strangari en áður og eiga m.a. við kynferðisglæpi.

Fyrirskipun frá Vatíkaninu:

## Hertar reglur um kynferðisglæpi

**SAMFÉLAGSMÁL Stjórnardeild trúarkenninga í Vatíkaninu hefur sent frá sér ný refsiviðmið sem eru strangari en áður og eiga m.a. við um kynferðisglæpi. Þetta kemur fram í tilkynningu Peters Bürcher Reykjavíkurbiskups.**

**Biskup segist sjá í þessu stuðning Vatíkansins við þá viðleitni að berjast skuli af öllu afli gegn kynferðisglæpum. Kynferðisbrot séu glæpir og kynferðisbrot gegn börnum sérstaklega fyrirlitlegir glæpir, slíkt megi alls ekki eiga sér stað innan kirkjunnar. - mþl**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BONGÓBLÍÐA** um landið sunnan og vestanvert í dag og um helgina en hitinn mun líklega víða ná um og yfir 20°C í bjartviðri þessa daga. Annars má búast við fínu veðri í öðrum landshlutum en austan til má búast við vætu á morgun og síðan norðanlands á sunnudag.



Á MORGUN
3-8 m/s.

SUNNUDAGUR
Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 35° |
| Berlín | 34° |
| Billund | 25° |
| Frankfurt | 33° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 27° |
| Kaupmannahöfn | 27° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 22° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 34° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 22° |
| París | 23° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 25° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is


ALLT Á GRILLIÐ
HAGKAUP
Grillkjöt
Sérvalið úr fyrsta flokks hráefni
HAGKAUP MÆLIR MEÐ
merkið tryggir gæðin!
að hætti landsliðs matreiðslumeistara
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
GRILLLÆRI HAGKAUPS
1.724 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
647 kr/kg.
Merkt verð 995.-
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
2.587 kr/kg.
Merkt verð 3.695.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.796 kr/kg.
Merkt verð 2.395.-
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.946 kr/kg.
Merkt verð 2.595.-
Kjúklingaleggir
í indverskum kryddlegi
Kryddlegið Nauta Ribeye
að argentískum sið
Kjúklingabringur marineraðar
í hvítlauk og rósmarín
Kjúklingalundir
ferskar
V·S·O·P
vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott
LAMBAKJÖT
V.S.O.P. lambalærissneiðar
V.S.O.P. lambatvírifjur
V.S.O.P. lambakjöt fæst eingöngu í Hagkaup
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
* mánudaga – laugardaga
Ný uppteknar kartöflur á hverjum morgni* beint frá bónda!
TILBOÐ
BLÁBER STÓR ASKJA
449 kr/pk.
TILBOÐ
MYLLU KLEINUR 10 STK
299 kr/pk.
TILBOÐ
250 g BBQ MARSHMALLOW
299 kr/pk.
TILBOÐ
FJALLABRAUÐ
199 kr/stk.
Jóa Fel grillsósur ómissandi með grillmatnum!
TILBOÐ
JÓA FEL GRILLSÓSUR
399 kr/stk.
TILBOÐ
NÓI TRÍTLAR, HJÚPLAKKRÍS OG STUBBAR
159 kr/stk.
TILBOÐ
VÍNARBRAUÐS LENGJA
339 kr/stk.
TONY&GUY HÁRVÖRUR
20% afsláttur v/kassa
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 18. júlí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú í tjaldútilegu í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,9% |
| Nei | 62,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú sótt kvikmyndahús í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Kærunefnd útboðsmála gagnrýnir samning fjármálaráðuneytisins við Icelandair:

# Bar að bjóða út kaup á flugfarmiðum

**STJÓRNSÝSLA** Fjármálaráðuneytið braut lög með því að semja einhliða um kaup á flugfarmiðum af Icelandair í maí í fyrra. Þetta segir kærunefnd útboðsmála.

Iceland Express kærði fjármálaráðuneytið vegna samningsins við Icelandair og krafðist skaðabóta. Kærunefndin segir hins vegar að þótt ráðuneytið hafi ekki sinnt útboðsskyldu sinni hafi Iceland Express ekki sýnt fram á að fyrirtækið hafi átt raunhæfa möguleika á að verða valið af ráðuneytinu í útboði. Þá hafi ráðuneytið komið til móts við kröfu fyrirtækisins að því leyti að það hafi beint því til Ríkiskaupa að skoða möguleika á að bjóða út innkaupin á farmiðunum.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Iceland Express benti á að kostnaður af ferðum ráðherra og starfsmanna ráðuneyta á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs hafi numið 280 milljónum króna. Verulegur hluti þess væri vegna farmiðakaupa.

Fjármálaráðuneytið fyrir sitt leyti bar því meðal annars við að ekki væri um svokallaðan rammasamning að ræða. Aðeins væri um að ræða kaup á stökum farmiðum í hvert skipti. Þessari skilgreiningu hafnar kærunefndin. Þó ekki sé hægt að leggja saman öll kaup ríkisins á farmiðum hafi ráðuneytið gert samning um afsláttarkjör fyrir hönd fjölmargra opinberra aðila og því sjálft hlotið að hafa metið það sem svo að um samlegðaráhrif væri að ræða. Í samræmi við útboðsskyldu og jafnræðisreglu laga hafi átt að bjóða viðskiptin út. **- gar**

Fólksfjöldi stendur í stað:

# Fleiri flytja frá Íslandi en til

**MANNFJÖLDI** Fólksfjöldi á Íslandi breyttist lítið á öðrum fjórðungi ársins. Í lok júní bjuggu 317.900 manns á landinu, samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Þar af voru 21.100 erlendir ríkisborgarar.

Um 1.200 börn fæddust á fyrstu þremur mánuðum ársins, en 530 einstaklingar létust. Um 710 fleiri fluttu frá landinu en til. Meirihlutinn voru einstaklingar með erlent ríkisfang, en um 160 fleiri Íslendingar fluttu frá landinu en til, flestir til Noregs. **- bj**

Slæmt veður í Asíu:

# Flóðbylgja varð 26 að bana

**FILIPPSEYJAR, AP Að minnsta kosti 26 eru látnir eftir að flóðbylgja skall á eyjunni Luzon á Filippseyjum, á miðvikudag. 38 til viðbótar er saknað.**

**Meira en helmingur eyjunnar, þar á meðal höfuðborgin Manilla, er nú án rafmagns og er talið að það taki nokkra daga að koma því í lag. Tugum fluga var aflýst og skólum og opinberum stofnunum lokað. Þá lést ein kona í Japan og þriggja er saknað eftir gríðarlega vont veður þar. Um tíu þúsund manns þurftu að yfirgefa heimili sín þar. - þeb**





**PATREKSFJÖRÐUR** Sýslumaðurinn á Patreksfirði á að bæta við sig embættinu á Ísafirði og hafa aðalbækistöð þar.

Ósátt við dómsmálaráðherra:

# Óttast að missa sýslumanninn

**VESTFIRÐIR** Bæjarstjórn Vesturbyggðar óttast að sú ráðstöfun dómsmálaráðherra að fela sýslumanninum á Patreksfirði embættið á Ísafirði með aðalbækistöðvar þar í eitt ár sé undanfari þess að embættið á Patreksfirði verði lagt niður.

„Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði, það er Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur, er mjög einangrað svæði. Samgöngur á milli þessara svæða liggja niðri hluta úr ári. Því er nauðsynlegt að í Vesturbyggð sé starfsstöð með góðri þjónustu og að þar starfi lögfræðingur,“ segir bæjarstjórnin. **- gar**

# Steinunn missir ekki svefn yfir áformum Jóns Ásgeirs

**Formaður slitastjórnar Glitnis óttast ekki málshöfðun Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sem ætlar að krefjast kyrrsetningar á eignum hennar. Rannsókn Kroll hefur þegar skilað tvöfalt meira fé en hún kostaði Glitni.**

**DÓMSMÁL** „Ég missi ekki svefn út af þessu,“ segir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, um þau orð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar að hann hyggist höfða meiðyrðamál á hendur henni vegna meintra lyga í eiðsvörnum yfirlýsingum fyrir dómstólum.

Fréttablaðið náði ekki tali af Jóni Ásgeiri í gær en í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 sagðist hann jafnframt ætla að krefjast kyrrsetningar á eignum Steinunnar hjá sýslumanninum í Reykjavík þar til niðurstaða fengist í meiðyrðamálið.

„Þetta kemur svo sem ekki á óvart,“ segir Steinunn. „Það er greinilegt að hann er ósáttur við það sem við erum að gera en það eina sem ég er að gera er að sinna skyldum mínum í slitastjórn Glitnis við að grípa til þeirra aðgerða sem ég tel að séu nauðsynlegar. Honum er náttúrlega frjálst að gera það sem hann vill – ég kippi mér ekki upp við það.“



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR

> Honum er náttúrlega frjálst að gera það sem hann vill – ég kippi mér ekki upp við það.
>
> STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR
> FORMAÐUR SLITASTJÓRNAR GLITNIS

Aðspurð segist Steinunn ekki telja að hún hafi að neinu leyti farið yfir strikið í eiðsvörnum yfirlýsingum sínum fyrir dómi í London og New York. Henni virðist sem málið snúist fyrst og fremst um tölvupóst með yfirliti yfir innistæður Iceland Foods. „Og ég hef aldrei fullyrt að þessar innistæður hafi tilheyrt honum,“ segir hún.

Jón Ásgeir sagðist í viðtali við Fréttablaðið í gær ætla að áfrýja alheimskyrrsetningu eigna sinna þrátt fyrir að dómari hafi hafnað beiðni hans um áfrýjun fyrir viku. „Mér skilst að hann geti óskað eftir áfrýjunarleyfi og það er síðan dómarans að ákveða hvort hann veitir það,“ segir Steinunn. „Dómarinn var hins vegar býsna skýr hvað þetta varðaði og það hefur ekkert nýtt komið fram sem ætti að breyta þeirri afstöðu. Þetta mál með þennan tölvupóst breytir engu í þessu samhengi.“

Spurð um kostnað slitastjórnarinnar við málaferlin segist Steinunn engar tölur geta gefið upp. „En það sem við höfum þegar endurheimt á grundvelli rannsóknar Kroll er að minnsta kosti tvöfalt það sem við höfum varið í rannsóknina og málaferlin,“ segir Steinunn. „Við teljum ljóst að það sé vel þess virði að eyða púðri í það að leitast við að endurheimta verðmæti og að okkur muni takast að endurheimta mun hærri fjárhæðir í gegnum þetta.“

stigur@frettabladid.is

## Seldi fasteign í London degi fyrir kyrrsetningarbeiðni

Fasteign í London í eigu Jóns Ásgeirs var seld einum degi áður en slitastjórn Glitnis lagði fram kyrrsetningarbeiðni þar ytra í maí síðastliðnum, að því er fram kom í Morgunblaðinu í gær. Söluverðið var um 1,5 milljónir punda, eða um 290 milljónir íslenskra króna, sem er meira en andvirði allra þeirra eigna sem Jón Ásgeir hefur gefið upp til kyrrsetningar.

Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær sagðist Jón Ásgeir hafa selt fasteignina vegna eignauppgjörs við fyrrverandi eiginkonu sína. Eignin hefði verið sett á sölu hinn 10. nóvember 2009 og að eins og allir vissu tæki það þrjá til fjóra mánuði að ljúka sölu á fasteignum í Bretlandi. Það hafi bara viljað svo til að sölunni hefði verið lokið degi fyrir kyrrsetningarbeiðnina.

Steinunn Guðbjartsdóttir sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að málið væri í skoðun hjá slitastjórninni eins og öll önnur en vildi ekki tjá sig um það að öðru leyti. Spurð hvort henni þætti það trúverðug skýring að tilviljun hefði ráðið því að salan hefði farið í gegn þennan dag sagði hún sínar skoðanir á því ekki skipta máli. „Það er ástæðulaust að ég sé að fabúlera um það. Ég held að fólk verði bara að draga sínar ályktanir sjálft.“

**Daniel Hannan á hádegisfundi Heimdallar**



Daniel Hannan

**Í dag, föstudaginn 16. júlí, kl. 12.00 í Antares-salnum í Háskólanum í Reykjavík.**

Hannan er í breska Íhaldsflokknum og er þingmaður á Evrópuþinginu. Hannan ræðir Icesave-deiluna, málefni Evrópusambandsins, stöðu Íslands í samningaviðræðum við sambandið og hvernig hugsanlegur aðildarsamningur muni líta út.

Allir velkomnir – nánar á xd.is & frelsi.is

Sjálfstæðisflokkurinn

Óvíst hversu miklu Sjóvá mun tapa vegna 2,9 milljarða króna bréfa í Avant:

# Óttast ekki að Sjóvá fari í þrot

**EFNAHAGSMÁL** Fall Aska Capital mun ekki hafa nein áhrif á tryggingafélagið Sjóvá, en félagið sér fram á tap vegna falls Avant, dótturfélags Aska. Óvíst er hversu mikið tapið verður.

Ólafur Njáll Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Sjóvár, segir félagið þola það áfall, og viðskiptavinir þurfi ekki að óttast að félagið sé að fara í þrot, og málið muni engin áhrif hafa á þá.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag bjargaði ríkissjóður Sjóvá frá falli í fyrra með kaupum Seðlabankans á 73 prósenta hlut í félaginu. Kaupverðið var 11,6 milljarðar, 6,2 milljarðar í formi bréfa í Öskum Capital og 2,9 milljarðar í formi bréfa í Avant. Bæði félögin eru nú komin í þrot.

Skuldabréf Aska eru tryggð með bréfum sem eru með ábyrgð ríkissjóðs, og mun fall Aska ekki hafa nein áhrif á Sjóvá, segir Ólafur. Félagið muni ekki fara undir lágmörk Fjármálaeftirlitsins þrátt fyrir að Askar hafi farið í þrot.

Skuldabréf Avant eru tryggð með öðrum hætti, og verður gengið í að innheimta þær tryggingar, segir Ólafur. Hann segir óvíst hversu mikið tap félagsins vegna þessa geti orðið, en stærstu eigendur Sjóvár ábyrgist að félagið muni standast skilyrði Fjármálaeftirlitsins um eigið fé og gjaldþol með því að leggja Sjóvá til aukið fé ef þörf krefji. **- bj**



**SJÓVÁ** Seðlabankinn lagði fram bréf í Öskum Capital og dótturfélagi þess, Avant, til að fjármagna Sjóvá eftir að félagið var endurreist á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- 5,75% óverðtryggðir vextir
  (Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
- Lánstími allt að fimm ár
- Umsóknarfrestur er til 30. september 2010

ALLIR VINNA

ALLIRVINNA.IS

## Hagstæð framkvæmdalán

Íslandsbanki býður nú viðskiptavinum sínum hagstætt framkvæmdalán til endurbóta eða framkvæmda á fasteignum, lóðum og sumarhúsum. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til átaksins **Allir vinna** og eiga þátt í að koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Lánin eru veitt til einstaklinga með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Hámarksfjárhæð hvers láns er 1,5 milljón króna gegn veði en veitt eru lán án veðs allt að 750.000 kr. að undangengnu mati á greiðslugetu.

Afgreiðsla framkvæmdaláns er gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdum til 30. september 2010.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

**Allir vinna** er hvatningarátak stjórnvalda og aðila úr atvinnulífinu sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Þeir sem ráðast í framkvæmdir á heimilinu eða í sumarhúsinu eiga rétt á **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af vinnulaunum og skattafrádrætti sem getur numið allt að 300.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á **allirvinna.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1230

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða austurríski banki er nú stærsti hluthafi Straums?*
2. *Húsvörður í grunnskóla hvaða bæjar hefur tekið sér nýtt millinafn og kennir sig nú við heimabæinn?*
3. *Gegn hvaða úkraínska knattspyrnuliði lék KR í gærkvöldi?*

**SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30**

# Morgunblaðið fær flestar auglýsingar hins opinbera

**Gögn frá Capacent sýna að opinberir aðilar auglýsa fremur í Morgunblaðinu en í Fréttablaðinu. Margir stórir auglýsendur birta þorra sinna dagblaðaauglýsinga í Fréttablaðinu. Átta þeirra auglýsa eingöngu þar.**

**DAGBLÖÐ** Meirihluti dagblaðaauglýsinga frá opinberum aðilum birtist í Morgunblaðinu en ekki Fréttablaðinu þó að Fréttablaðið hafi miklu meiri lestur. Þetta kemur fram í tölum sem útgáfa Fréttablaðsins vann upp úr gagnagrunni Capacent fyrir 2010.

Í tilkynningu frá útgáfu Fréttablaðsins er rakið að Morgunblaðið hafi „farið mikinn“ við að tryggja sér stöðu á auglýsingamarkaði. „Kemur það ekki á óvart í ljósi þess að lestur blaðsins hefur hrapað um 44 prósent á síðustu þremur árum og auglýsingum fækkað að sama skapi,“ segir í tilkynningunni.

„Þegar Morgunblaðið er valið í stað Fréttablaðsins er tekin meðvituð ákvörðun um að tala ekki við 96.704 íbúa höfuðborgarsvæðisins. Það er stór ákvörðun fyrir flest fyrirtæki og sérstaklega á tímum þar sem auglýsingar þurfa að skila fjárhagslegum árangri umfram allt annað,“ segir útgáfa Fréttablaðsins og vísar meðal annars í að í aldurshópnum 18 til 49 ára á höfuðborgarsvæðinu nái Fréttablaðið til 95 prósent lesenda: „Morgunblaðið bætir bara 5 prósent við en birting þar er ekki mikið ódýrari.“

Af hundrað stærstu auglýsendunum velja átta að auglýsa eingöngu í Fréttablaðinu. Meðal aðila sem eru með meira en 90 prósent auglýsinga sinna í Fréttablaðinu eru Remax (100%), Iceland Express (100%), Bónus (99%), Nova (95%), Kringlan (95%) Europris (95%) og Rauði krossinn (93%).

Af fyrirtækjum af listanum er eitt með 90 prósent sinna auglýsinga eða meira í Morgunblaðinu. Það er Nóatún (90%). Meðal fyrirtækja sem setja 80 prósent eða meira af auglýsingum í Morgunblaðið má nefna Krónuna (89%), Samfélagið [Sambíóin] (85%), Laugarásbíó (83%), Ríkiskaup (82%), Senu (81%) og Sinfóníuhljómsveit Íslands (80%).

Af öllum fyrirtækjunum hundrað auglýsa 77 meira í Fréttablaðinu en Morgunblaðinu. Meðal þeirra sem auglýsa meira í Fréttablaðinu eru Smáralind (82%) og Reykjavíkurborg (65%). Af aðilum sem nota fremur Morgunblaðið má nefna Sjálfstæðisflokkinn (67%) og Kost (60%).

gar@frettabladid.is







Bræður í Svíþjóð dæmdir:

## Kveiktu í húsi óvinar múslima

**SVÍÞJÓÐ Tveir menn ættaðir frá Kosovo voru í gær dæmdir í fangelsi fyrir að hafa kastað eldsprengjum í hús sænska teiknarans Lars Vilks. Vilks teiknaði myndir af Múhameð spámanni sem birtust í sænskum miðlum og á listsýningum.**

**Mennirnir eru bræður og var sá eldri dæmdur í þriggja ára fangelsi en sá yngri tveggja ára. Þeir eru 21 og 19 ára. Þeir köstuðu eldsprengjum að húsi teiknarans í maí síðastliðnum en sprengjurnar náðu ekki inn í húsið. Þær skemmdu það aðeins að utan. Vilks var ekki heima þegar atvikið varð.**

**Fyrir dómi lýsti annar bróðirinn því yfir að Vilks væri óvinur guðs og óvinur múslima.** - þeb





PLÚS
vikunnar
Síðasta flug sumarsins til Portúgals!
Nú fer hver að verða síðastur til að skella sér til sólarparadís-arinnar á Portúgal. Við bjóðum síðustu sæti sumarsins á frábæru verði og getur þú valið um hvort þú kaupir ferðina þína með eða án gistingar. (Ath. flogið er með Easy Jet í gegnum London á heimleið).
PLÚSFERÐIR
ENN MEIRI PLÚS!
www.plusferdir.is
plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
Verðdæmi á mann:
Portúgal
10 nætur
Verð frá:
89.900 kr.
Flug og gisting í 10 nætur á Apartmentos Presidente
Brottför: 22. júlí til 1. ágúst
m.v. 2 fullorðna og 2 börn*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 109.000 kr.
Flug með sköttum
Verð frá:
55.000 kr.
Athugið!
Brottför er 22. júlí og takmarkaður sætafjöldi er á þessu tilboði þannig að þú þarft að hafa hraðar hendur!
* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu




Lífeyrissjóðirnir búnir að ná sér eftir bankahrunið:

# Eignir 3,5% verðmætari en í lok árs 2007

**EFNAHAGSMÁL** Íslensku lífeyrissjóðirnir virðast vera búnir að ná vopnum sínum eftir bankahrunið haustið 2008, að mati sérfræðinga Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD).

Í nýrri skýrslu kemur fram að eignir íslensku lífeyrissjóðanna séu nú um 3,5 prósentum verðmætari en þær voru í árslok 2007, níu mánuðum fyrir hrunið.

Þetta er betri árangur en í flestum aðildarlöndum OECD. Fram kemur að aðeins í sjö ríkjum hafi lífeyrissjóðirnir náð sömu stærð og fyrir hrun. Það er í Austurríki, Chile, Noregi, Nýja-Sjálandi og Ungverjalandi, auk Íslands.

Sérfræðingar OECD telja að enn gæti liðið nokkur tími þar til lífeyrissjóðir í öðrum ríkjum komist á svipað ról og þeir voru í árslok 2007. Í heild hafa lífeyrissjóðirnir í öllum ríkjum OECD náð að vinna upp 40 prósent af því tapi sem þeir urðu fyrir á árinu 2008. - bj



**SVARTSENGI** Magma hefur keypt HS Orku, sem m.a. er eigandi orkuversins á Svartsengi. Nefnd um erlenda fjárfestingu telur viðskiptin standast kröfur laga.

# Nefndarstarf kostaði alls 1,2 milljónir

**Nefnd um erlenda fjárfestingu keypti þrjú lögfræðiálit vegna umsóknar Magma um kaup í HS Orku. Enginn nefndarmanna með lögfræðimenntun eða sérfræðiþekkingu á starfssviði nefndarinnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður við þóknun nefndarmanna í nefnd um erlenda fjárfestingu og sérfræðiálit þriggja lögfræðinga sem nefndin leitaði til vegna umfjöllunar um mál Magma Energy nemur samtals tæpum 1.200 þúsund krónum, samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneyti.

Mánuði eftir að nefndin var kjörin af Alþingi í ágúst í fyrra fékk hún mál Magma til meðferðar. Haldnir hafa verið sex fundir. Hver nefndarmaður hefur fengið 13.500 krónur greiddar fyrir hvern fund en formaðurinn tvöfalda þá fjárhæð. Þóknun nefndarmanna er því samtals 486.000 krónur.

Við umfjöllun um mál Magma leitaði nefndin álits lögfræðinganna Dóru Guðmundsdóttur, hjá lagastofnun Háskóla Íslands, Kristínar Haraldsdóttur, forstöðumanns Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, og Dóru Sifjar Tynes héraðsdómslögmanns.

Lögfræðingarnir fengu samtals greiddar 703.980 krónur, samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneyti.

Samtals er þóknun nefndarmanna og lögfræðinga 1.189.980 krónur.

Nefnd um erlenda fjárfestingu hefur það hlutverk í umboði

**6** fundir hafa verið haldnir á vegum nefndarinnar. Þóknun nefndarmanns fyrir hvern fund var 13.500 krónur. Formaður fékk greitt tvöfalt.

Alþingis að fylgjast með að ákvæðum laga um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt. Nefndin er ráðherra til ráðuneytis og er ráðherra skylt að afla umsagnar nefndarinnar áður en leyfi eru veitt til einstakra umsækjenda. Enginn þeirra aðila sem Alþingi kaus í nefndina hefur þó lögfræðimenntun eða aðra sérfræðiþekkingu á starfssviði nefndarinnar.

Nefndarmennirnir eru Unnur Kristjánsdóttir handmenntakennari, sem er formaður fyrir hönd Samfylkingar, Adolf H. Berndsen umboðsmaður, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Silja Bára Ómarsdótttir, háskólakennari í stjórnmálafræði, fyrir VG, Björk Sigurgeirsdóttir viðskiptafræðingur, fyrir Borgarahreyfinguna, og Sigurður Hannesson stærðfræðingur, fyrir Framsóknarflokkinn.

peturg@frettabladid.is

# Viðhaldsfrí útihúsgögn




**Hér má sjá nokkur dæmi af húsgögnunum sem í boði eru.**















**Vatns- og sólvarið áklæði á sessum.**
**Sessur fylgja öllum stólum og sófum.**
**Glerplötur eru á öllum borðum.**
**Litir: Hvítt, brúnt og svarbrúnt.**

HEIMA HÚSIÐ

heima · Ondrop · mood · lifum

GALLERY GÓLF

PARKET•FLÍSAR

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is



**BASTILLUDAGURINN** Frakkar héldu upp á Bastilludaginn á þriðjudag. Þessar níu þotur voru hluti af herskrúðgöngunni í París og flugu meðal annars yfir Sigurbogann. NORDICPHOTOS/AFP

Öldungadeild þingsins samþykkti frumvarp eftir langar umræður:

# Ein hjúskaparlög taka gildi í Argentínu

**ARGENTÍNA, AP** Öldungadeild argentínska þingsins samþykkti ein hjúskaparlög í gær eftir langar umræður. Alls 33 greiddu atkvæði með frumvarpinu, 27 á móti og þrír þingmenn sátu hjá.

Argentína verður þar með fyrsta landið í rómönsku Ameríku til þess að veita samkynhneigðum sömu hjúskaparréttindi og gagnkynhneigðum. Staðfest samvist samkynhneigðra hefur áður verið lögleidd í Úrúgvæ og sumum ríkjum Mexíkó og í höfuðborg Argentínu, Bueons Aires.

Kaþólska kirkjan og fleiri hópar hafa mótmælt lögunum harðlega. Kardinálinn Jorge Mario Bergoglio sagði í fréttum að allir muni tapa á hjónaböndum samkynhneigðra og að börn „verði að eiga rétt á því að vera alin upp og menntuð af föður og móður". Forsetinn Cristina Fernandez er stuðningsmaður laganna og sagði í gær málflutning kirkjunnar minna á málflutning á tímum rannsóknarréttarins. Samtök sem berjast fyrir einum hjúskaparlögum í Bandaríkjunum fögnuðu lagasetningunni og sögðu hana sýna hversu langt Argentína hefur komist frá tímum einræðis.

Tólf lönd í fjórum heimsálfum hafa nú ein hjúskaparlög. **- þeb**



**MÓTMÆLI VIÐ ÞINGHÚSIÐ** Lagasetningunni var mótmælt við þinghúsið í Buenos Aires. Áður höfðu 60 þúsund manns safnast saman á vegum kirkjunnar til að mótmæla frumvarpinu. NORDICPHOTOS/AFP








**HEIÐURSVERÐLAUNIN** Jóhannes Jónsson veitti Ómari Ragnarssyni umhverfisverðlaunin fyrir hönd Pokasjóðs í Nauthólsvíkinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öskuhreinsun fékk hæsta styrkinn frá Pokasjóði:

# Ómar fékk heiðursverðlaun Pokasjóðs

**FÉLAGSMÁL** Fimmtíu milljónum króna var í gær úthlutað úr Pokasjóði. Alls 55 verkefni á sviði umhverfismála, menningar, mannúðar, íþrótta og útivistar fengu úthlutað úr sjóðnum að þessu sinni. Eftir úthlutunina í gær hefur einum milljarði króna nú verið úthlutað úr sjóðnum frá því hann tók til starfa árið 1995.

Hæsta styrkinn, fimm milljónir króna, hlutu Útivist og Ferðafélag Íslands til öskuhreinsunar í Þórsmörk eftir eldgos í vor. Vímulaus æska hlaut fjögurra milljóna styrk til að halda sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn. UMFÍ og Landgræðslufélag Biskupstungna fengu þrjár milljónir hvort, til undirbúnings hreinsunarátaks og uppgræðslu á Haukadalsheiði. Meðal annarra verkefna sem fengu háa styrki voru framkvæmdir í Esjuhlíðum, gerð heimildarmyndar um Gjástykki og sumarbúðir fatlaðra á Laugarvatni. Þá fékk Samhjálp hálfa milljón króna til að kaupa mat handa skjólstæðingum sínum.

Ómari Ragnarssyni voru veitt Umhverfisverðlaun UMFÍ og Pokasjóðs fyrir óeigingjarnt og ötult starf í þágu íslenskrar náttúru. Hann tók við verðlaununum á Kaffi Nauthól í Nauthólsvík, þar sem úthlutunin fór einnig fram.

Það eru 160 verslanir á Íslandi sem standa að Pokasjóði, en hann fær allar tekjur sínar af sölu plastpoka í verslununum. **- þeb**




# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**




Ný sending
**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**




**VALHÖLL/FREYJA** Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**




**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**




2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




**Svefn & heilsa**
★★★★★

www.svefn.is




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lífeyrissjóðir eru hluti af velferðarkerfinu en lúta ekki sömu lýðræðislegu stjórn og ríkissjóður:

# Völd án aðhalds

Samanburður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á skattbyrði á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum OECD, sem fram kemur í margumræddri skýrslu sjóðsins um íslenzka skattkerfið, er allrar athygli verður.

Sérfræðingar AGS telja fráleitt annað en að taka hinar lögbundnu skyldugreiðslur í lífeyrissjóði með í reikninginn þegar skattbyrðin er reiknuð. Forsendan fyrir því er að hér á landi sjá lífeyrissjóðir vinnumarkaðarins um stóran hluta af því tryggingakerfi, sem ríkissjóður rekur í mörgum öðrum löndum. Þess vegna vill AGS annaðhvort taka skyldugreiðslurnar hér með í reikninginn þegar skattbyrðin er borin saman, eða þá að draga tryggingaframlög í öðrum ríkjum frá. Sama er hvor aðferðin er notuð; Ísland er eitt af þeim aðildarríkjum OECD þar sem skattbyrðin er hæst. Í norrænum samanburði er Ísland sömuleiðis nálægt efri mörkunum, aðeins í Danmörku leggja menn meira af mörkum í sameiginlega sjóði.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Með öðrum orðum erum við nú þegar búin að taka á okkur norræna skattbyrði, hvað sem líður fullyrðingum „norrænu velferðarstjórnarinnar" um annað. Það má gjarnan hafa í huga þegar rætt er um nauðsyn skattahækkana til að loka gatinu í ríkisfjármálunum.

Framsetning AGS leiðir jafnframt hugann að öðru. Lífeyrissjóðirnir eru mikilvægur hluti af velferðarkerfinu. Þessi hluti velferðarkerfisins er rekinn af aðilum vinnumarkaðarins í stað þess að vera rekinn af ríkinu, eins og í mörgum öðrum löndum. Íslenzka lífeyriskerfið er að mörgu leyti einstakt og vegna þess að það byggist á sjóðssöfnun en ekki svokölluðu gegnumstreymi eins og lífeyriskerfi margra annarra ríkja eru Íslendingar betur settir í lífeyrismálum en margur og betur í stakk búnir að mæta t.d. öldrun þjóðarinnar.

Hins vegar skortir þennan mikilvæga hluta velferðarkerfisins það lýðræðislega aðhald, sem hinn opinberi hluti hefur. Telji kjósendur að stjórnmálamenn fari ekki nógu vel með það fé, sem fólk greiðir í skatta til ríkisins, geta þeir losað sig við þá og hafa til þess tækifæri á fjögurra ára fresti. Lýðræðið á vettvangi lífeyrissjóðanna er hins vegar afar takmarkað. Fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsforystu skipta þar völdum á milli sín, án raunverulegrar aðkomu hins almenna sjóðfélaga.

Andstæðingar lýðræðis í lífeyrissjóðum geta bent á að væru stjórnirnar lýðræðislega kosnar, myndi það ýta undir skammtímahugsunarhátt á borð við þann sem við sjáum oft hjá stjórnmálamönnum; eyða peningum strax og horfast í augu við afleiðingarnar seinna. Á móti kemur að almenningur er býsna vel meðvitaður um mikilvægi þess að langtímasjónarmið séu í heiðri höfð við stjórn lífeyrissjóðanna og stöðug ávöxtun til lengri tíma sett í fyrsta sæti.

Lýðræðislegt aðhald með lífeyrissjóðum gæti líka stuðlað að því að þeir myndu í auknum mæli skipta sér af á aðalfundum fyrirtækja, sem þeir eiga í. Erlendis fara lífeyrissjóðir iðulega fyrir þeim hluthöfum, sem setja út á ofurlaun stjórnenda og óhóflega áhættu. Engu slíku var fyrir að fara á Íslandi fyrir hrun, enda litu margir stjórnendur lífeyrissjóðanna fremur á stóla sína sem valdauppsprettu en umboð frá sjóðfélögum til að gæta hagsmuna þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt mun breytast

„Aðildarumsóknin ein og sér er því hluti af lausn á þeim bráðavanda sem við glímum við um leið og hún leggur grunninn að trausti framtíð og er leiðarljós stöðugleika inn í framtíðina." Svo sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í stefnuræðu sinni 18. maí 2009. Hún og fleiri stuðningsmenn aðildar að Evrópusambandinu hafa lengi haldið því fram að umsóknin ein og sér mundi gerbreyta öllu til hins betra hér á landi. Slík var orðræðan eftir efnahagshrunið; umsóknin væri leiðin út úr kreppunni.

### Fátt breyttist

Og nú er umsóknin komin til Brussel og viðræður hafnar. Trauðla halda margir því fram í dag að umsóknin hafi gerbreytt ástandinu í efnahagsmálum. Hún er varla álitin lausn á bráðavandanum og annar stjórnarflokkurinn lítur ekki á hana sem „leiðarljós stöðugleika inn í framtíðina", þvert á móti telur hann umsóknina til vansa.



### Lítill vendipunktur

Umsóknin varð þannig ekki sá vendipunktur sem Evrópusinnar töldu. Umræðan um aðild hefur legið í láginni og þær raddir sem tala gegn aðild eru mun háværari en hinar. Þá er stjórnin klofin í málinu og mun því ekki tala einum rómi fyrir aðild. Það verður því ekki um hefðbundna kosningabaráttu að ræða, líkt og gerst hefur í öðrum löndum. Andstæðingar aðildar eru því með hýrari há en stuðningsmenn þessa dagana.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Agúrkumaðurinn mætir

Evrópumál



Andrés Pétursson
formaður Evrópusamtakanna

Hún er þrautseig goðsögnin um reglugerðarbáknið í Brussel. Dæmi um þetta bull er að íslensk ungmenni verði send í evrópskan her, Íslendingar muni missa allar auðlindir sínar og að íslenskur landbúnaður verði lagður í rúst ef við göngum í Evrópusambandið. Einn af helstu boðberum slíkra sögusagna er breski Evrópuþingmaðurinn Daniel Hannan. Honum hefur verið mikið hampað af Nei-hreyfingunni á Íslandi og hefur nokkrum sinnum komið hingað til lands til að boða fagnaðarerindið.

Fyrir nokkrum misserum taldi Hannan sig hafa himin höndum tekið þegar hann rakst á reglugerð ESB frá árinu 1988 sem fjallaði um agúrkur. Hannan henti þessu á loft og birtu Nei-sinnar á Íslandi mikla frásögn af þessu hræðilega miðstýringarapparati í Brussel. Það er ekki nýtt að reglugerðir Evrópusambandsins – sem vel að merkja miða flestar að því að afnema viðskiptahindranir og koma á sameiginlegum markaði Evrópu – verði skotmark einangrunarsinna. Frægustu dæmin eru reglur um viðskipti með agúrkur og banana. Sú fyrri var sett árið 1988 og sú seinni árið 1994. Þessar reglugerðir voru settar að beiðni neytenda og framleiðenda, en ekki embættismanna í Brussel. Tilgangurinn var að auðvelda viðskipti á milli landa og komu í stað 15 mismunandi reglna í aðildarlöndum ESB. Í þessum reglum er kveðið á um ákveðna gæðaflokkun afurðanna þannig að kaupendur, bæði innanlands og utan, geti gengið að því vísu að verið sé að kaupa fyrsta flokks vöru. Ekkert í reglugerðunum bannar framleiðendum hins vegar að framleiða eins bogna banana eða agúrkur og þeir vilja. Sú vara kemst hins vegar ekki í hæsta gæðaflokk. Reglur innri markaðar Evrópusambandsins eru eins og þeir staðlar sem þegar eru fyrir hendi hjá Staðlasamtökum Evrópu (CEN) og Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

Þessar staðreyndir henta hins vegar ekki mönnum eins og Hannan. Hann passar sig á því að minnast ekki á að ESB hefur til dæmis sett reglur sem auka rétt flugfarþega á endurgreiðslu frá flugfélögum, sett reglur sem hafa knúið fram aukna samkeppni á fjarskiptamarkaði í Evrópu og þannig lækkað verð til almennings, opnað á rétt launafólks til að vinna hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins og sett reglur sem gera ríkisstjórnum landa Evrópu mögulegt að vinna náið saman gegn gróðurhúsaáhrifum. Þessar staðreyndir henta ekki lífsýn manna eins og Hannan og því grípa þeir til ráða að mistúlka og skrumskæla lög og reglur sem auka á réttindi almennings í Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ólögleg innritun

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Nú er lokið fyrsta, og vonandi seinasta, árinu þar sem nýnemar í framhaldsskóla voru teknir inn eftir heimskulegu, ósanngjörnu, hverfaelítísku og umfram allt kolólöglegu kerfi. Vonandi munu þeir sem áttu hugmynd að uppsetningu þessa kerfisskrípis halda sér í órafjarlægð frá öllu sem viðkemur menntamálum næstu áratugina.

Samkvæmt nýja kerfinu eiga skólarnir að taka inn tæplega helming af nemendum úr skólum úr sínu hverfi, jafnvel þótt umsóknir annarra nemenda úr öðrum hverfum hafi verið betri. Þannig komst nemandi úr Breiðholti með 8,5 í meðaleinkunn ekki í MR en nemandi úr Vesturbænum með lægri einkunn fór inn. Það er ekki annað hægt en að klappa fyrir þessari nýstárlegu túlkun á jafnrétti til náms. Allir eru jafnir, en það er jafnan betra að búa ekki í Jafnaseli.

En fyrir utan það hve sjúkt og ómannlegt það er að meta ekki einstaklinginn út frá hans eigin afrekum, hæfileikum og aðstæðum heldur því hvar foreldrar hans keyptu sér raðhús, þá er umrætt kerfi ólöglegt. Í lögum um framhaldsskóla er hvergi ýjað að því að búseta geti verið málefnaleg forsenda mismununar. Í gildandi reglugerð um innritun í framhaldsskóla má heldur ekki sjá nein ákvæði þess efnis að heimilt sé að búa til einhver skólahverfi og forgangsskóla. Þvert á móti er tekið fram að landið sé eitt innritunarsvæði og að skólastjórnendum beri að gæta jafnræðis og samræmis við mat á sambærilegum umsóknum. Þessi reglugerð hefur staðið óbreytt frá 2008.

Núgildandi „kerfi" var hins vegar aðeins kynnt í dreifibréfi til skólastjórnenda. Eru dreifibréf orðin æðri en lög og reglugerðir?

Vissulega getur það kannski talist réttmætt að láta nemendur til dæmis njóta forgangs í eina skólann í sinni heimabyggð. Það er mikil krafa af ólögráða einstaklingi að flytja búferlum til að afla sér menntunar.

En það er ekki mikil krafa að biðja Reykvíking um að labba aðeins lengra, eða taka strætó. Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði. Ég vorkenni engum sem þarf að ferðast í tuttugu mínútur til að afla sér menntunar við sitt hæfi. Í skóla við sitt hæfi.

Menntamálaráðuneytið stærir sig nú af því að flestir nemendur hafi valið skóla í sínu hverfi, að flestir nemendur hafi fengið inngöngu í þá skóla sem þeir völdu og að betur hafi gengið en áður að finna öllum skólavist. Að sjálfsögðu nýttu flestir nemendur einn af tveimur valmöguleikum sínum í skóla innan hverfisins! Betra er að fara í skóla sem mann langar ekkert sérstaklega í en er stutt frá heldur en í skóla sem er langt frá og engan annan langaði heldur í. Krakkarnir völdu því gjarnan þá skóla sem kerfið þvingaði þá til og fyrst þeir hlýddu svo fallega þá hlutu þeir flestir inngöngu í þá skóla. Það er sorglegt að einhver gleðjist yfir því að tekist hafi að hræða grunnskólanemendur til hlýðni.

Vissulega sköpuðust ákveðin vandræði í fyrra sem tengdust að einhverju leyti hinni vondu ákvörðun um aflagningu samræmdra prófa og einkunnaverðbólgunni sem henni fylgdi, en fyrst og fremst voru einfaldlega margar umsóknir í framhaldsskólana og fá pláss. Þegar farþegarnir eru fleiri en sætin í vélinni, þá skiptir ekki miklu máli í hvaða röð menn labba um borð, einhver mun þurfa að sitja eftir.

Þannig var þetta í fyrra.

Nýju innritunarreglurnar hindra eðlilega fjölbreytni í skólakerfinu.

Þær skerða möguleika barna í fátækari hverfum til að komast í eldri og rótgrónari skóla. Þær mismuna ungu fólki á forsendum sem það hefur ekkert um að segja. Þær eru til þess fallnar að skapa gremju og réttláta reiði hjá fólki sem stendur frammi fyrir einu fyrsta stóra vali í lífi sínu. Svo eiga þær sér enga stoð í lögum. Ég vona að allir sem hafi orðið fyrir barðinu á þessari vitleysu kæri menntamálaráðuneytið og að allir aðrir sem beri hag íslensks menntakerfis og íslenskra ungmenna fyrir brjósti beiti sér fyrir því að kerfinu verði breytt. Loks væri óskandi að ráðherra fyndi sér starfsvettvang þar sem hún getur ekki lagt drauma ungs fólks í rúst með illa ígrundaðri vitleysu.

# „Vituð ér enn…"

Bankahrunið
Sverrir Hermannsson
fyrrverandi bankastjóri



Ísvari greinarhöfundar við fyrirspurnum Morgunblaðsins á áramótum 2001 og 2 kom þetta m.a. fram: „Staða og öll meðferð ríkisfjármála hin síðari misserin valda hugsandi mönnum vökum. Þegar mikið lá við að beita stjórn fjármála til hins ítrasta vegna þenslu í efnahagsmálum og hrollvekjandi viðskiptahalla, hefir um, sem nú hafa sótt okkur heim í efnahagsmálum, eigum við undir því mest að tryggja fjárhag ríkisins og beita aðhaldi til hins ítrasta.

Ekkert er sinnt um beitingu ríkisfjármála til heftingar verðbólgu og viðskiptahalla. Að vísu beitir ríkisstjórnin okurvöxtum, sem að öðru jöfnu vinna gegn verðbólgu, en sem ásamt verðtryggingu eru gersamlega að sliga fyrirtæki og einstaklinga.

En á sama tíma tilkynnir ríkisstjórnin áform sín um skattalækkanir, sem hafa áhrif í þveröfuga átt við vaxtaokrið. Hríðfelldir skattar á fyrirtæki

> Greinarhöfundur var æ ofan í æ sakaður um að hafa uppi „dómadagsspár" þegar hann kom skoðunum sínum á framfæri á þessum árum. Því miður reyndist hann sannspár.

verið haldið þveröfugt á þeim málum. Í stað strangs aðhalds hefir allt vaðið á súðum. Til dæmis hækkaði útgjaldahlið fjárlaga um 20% milli áranna 2000 og 2001 m.a. vegna óráðsíu ráðherranna, sem eyddu 15 milljörðum króna umfram heimildir á fjárlögum ársins í ár. Tilburðir um þriggja milljarða tekjuafgang ríkissjóðs á fjárlagaárinu 2002 munu verða að aðhlátursefni, þegar ríkisstjórnarmenn hafa gengið í sjóðinn og sótt sér hnefa.

Nú er það öllum venjulegum mönnum vitanlegt að á alvörutím- gera þeim kleift að auka umsvif sín og eru þess vegna spennuvaldar."

Greinarhöfundur var æ ofan í æ sakaður um að hafa uppi „dómadagsspár" þegar hann kom skoðunum sínum á framfæri á þessum árum. Því miður reyndist hann sannspár. Svo mun einnig reynast um margendurteknar spár hans, að sagnfræðingar framtíðarinnar muni kveða upp harðari dóm yfir Davíð Oddssyni og Halldóri Ásgrímssyni en nokkrum öðrum landsstjórnarmönnum á Íslandi fyrr og síðar.




# Niðurrifsstarfsemi eða nútíma lýðræði

Evrópumál
Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands



Margir þingmenn leggja nú allt kapp á að draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Þannig leggjast þeir gegn því að kjósendur fái að segja hug sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu málflutningur og ekki til þess fallinn að efla trúverðugleika þingheims þar sem kjósendur hafa ákaft kallað eftir beinu lýðræði. Þessi forræðishyggja ber heldur ekki vott um að þingmenn treysti kjósendum.

Almenningur kallar eftir breyttum og lýðræðislegri vinnubrögðum á þingi, hjá stjórnmálaflokkum og þingmönnum. Það að ganga gegn rétti kjósenda til að greiða atkvæði um aðildarsamning við ESB ber ekki vott um ný

> Það að ganga gegn rétti kjósenda að greiða atkvæði um aðildarsamning við ESB ber ekki vott um ný og bætt vinnubrögð heldur gamaldags niðurrifsstarfsemi, pólitískt karp og refskák.

um aðildarsamning. Þeir leggjast einnig gegn því að látið verði á það reyna í viðræðum við ESB hvort að við Íslendingar fáum ásættanlegan samning í sjávarútvegs-, landbúnaðar- og uppbyggingarmálum og hvort að sambandið sé reiðubúið að aðstoða Seðlabankann við að styrkja stöðu krónunnar áður en tekin verður upp evra.

Þetta er ekki lýðræðislegur og bætt vinnubrögð heldur gamaldags niðurrifsstarfsemi, pólitískt karp og refskák.

Á þessum erfiðum tímum ætti stjórnmálamenn að vinna saman og standa vörð um hagsmuni þjóðarinnar í viðræðum við ESB. Kjósendur eiga skýlausan rétt á því að fá að sjá aðildarsamning við ESB, meta kosti hans og galla og greiða um hann atkvæði. Treystum þjóðinni.



Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**Helgarblaðið:**

**Smyglaði biblíum í konfektkassa**
- Auður Bjarnadóttir ætlaði að frelsa dansheiminn.

**Gamli Nói, gulrætur og ís**
- Misskilin textabrot úr dægurlögum.

**Ferðast og fræðst**
- Skemmtileg söfn víðs vegar um landið.



**Matur:**

**Léttir og ljúffengir**
- Tapas-réttir útfærðir á skemmtilegan hátt.




# Ný Bóla

Menning

Sverrir Björnsson
hönnuður



Er það vilji andskotans umboðslaun eða gróði að fjármagnseigendum sé bætur skaðinn af bankahruninu en þeir sem ekkert áttu nema skuldir og strit beri kostnaðinn á sínum herðum um ókomin ár?

Sagan hefur lag á að endurtaka sig og meginstef sögunnar er að þeir sem verst eru settir í samfélaginu bera byrðarnar af mistökum stjórnvalda og græðgi eignavaldsins.

*„Ríkur búri ef einhver er,*
*illa máske þveginn,*
*höfðingjar við síðu sér*
*setja hann hægra megin.*

*Fátækur með föla kinn*
*Fær það eftirlæti,*
*á hlið við einhvern hlandkoppinn*
*honum er ætlað sæti.“* **HJ**

Langlundargeð alþýðu þessa lands er með ólíkindum, þegjandi hefur hún um aldir axlað byrðar af mistökum valdamanna. Einn er þó maður sem óhræddur bauð stjórnvöldum birginn og barðist gegn óréttlætinu með beittu sverði sínu; skáldagáfunni.

Hjálmar Jónsson, kenndur við Bólu í Skagafirði, bjó alla tíð við kröpp kjör og fjandsamleg yfirvöld. Hjálmar tók misréttinu ekki þegjandi heldur orti magnaðar vísur sem enn lifa með þjóðinni. Mergjað alþýðuskáld sem gaf hinum kúguðu rödd. Hvöss gagnrýni Hjálmars á auðsöfnun og sérgæsku á erindi við okkur í dag sem og gagnrýni á andvaraleysið og græðgisvæðinguna.

*„Sálarskip mitt fer hallt á hlið*
*og hrekur til skaðsemdanna,*
*af því það gengur illa við*
*andvirði freistinganna.“* **HJ**

En hver er minningin um þetta alþýðuskáld örþjóðar, okkar Hróa hött og Spartakus?

Styttur af hagmæltum ráðherrum og athafnaskáldum eru dreifðar um allar koppagrundir og styttum af skáldum velþóknanlegum yfirvöldum er hrúgað upp. En að Bólu í Blönduhlíð bælir nálituð sinan sig, slegin niður af rigningunni, bæld af þunga vetrarins. Minning skáldsins lítill minnisvarði, ísblá fjöllin og næðingurinn með hlíðinni örstutt frá þjóðbraut landsins.

Það er sorglegt þjóð sem ekki þekkir sögu sína og saga alþýðufólks á Íslandi er að mestu óskrifuð. Talið er að frá upphafi landnáms hafi tvær milljónir Íslendinga dregið lífsandann en af einni milljón fer engum sögum. Hún er horfin í myrkur tímans. Mér segir svo hugur um að týnda þjóðin sé einmitt eignalausa fólkið sem nú axlar þögult byrðarnar, skattahækkanir og niðurskurðinn. Fólkið sem ekkert átti annað en skuldir og erfir fleiri og meiri skuldir frá útrásarvíkingum og vanhæfum stjórnvöldum. Fólkið sem áður fyrr var bundið í þrælahöft höfðingjanna; vistarbandið, sem gerði hvern mann að þræl jarðeigenda. Fólk sem engin vopn hafði til að verja sig en í menningu þess lifðu vísur og kviðlingar sem réttu hlut þeirra og gerðu lífið bærilegra.

Dr. Kristján Eldjárn skrifaði um Bólu Hjálmar:

„Veraldarsaga Hjálmars Jónssonar er í einu orði sagt saga hins snauða íslenska kotbónda fyrri alda. Hún er öreigasaga frá upphafi til enda. Lífsbarátta hans var eins og sú sem þúsundir hans líka háðu um landið allt, ævilangt návígi við fátækt og skort.“

Það er löngu kominn tími til að minningu alþýðufólks fyrri alda sé meiri sómi sýndur. Ekki hefur stundin til þess verið betri en einmitt núna þegar höfðingjavaldið hefur steypt þjóðinni á hausinn og alþýðan þarf sem fyrr að taka afleiðingunum „óláns hrekst í stríðan straum og steyti á smánarbergi“.

Bóla í Skagafirði er tilvalinn staður fyrir ljóða- og lífsstílssafn um lífsbaráttu fátæks fólks á fyrri öldum. Staðurinn er sögufrægur og í alfaraleið. Þeim sem málið er skylt ættu að taka til hendinni og heiðra minningu þessa merkilega manns og þessa merkilega fólks með því að reisa ljóða- og lífsstílssafn alþýðu fólks á fyrri tíð að Bólu. Alþýðusambandi Íslands, menntamálaráðuneytinu, Þjóðminjasafninu og afkomendum Bólu Hjálmars ætti að renna blóðið til skyldunnar og taka frumkvæði í málinu. Fyrsta skrefið gæti verið að efna til samkeppni meðal arkitekta um hönnun upplifunarsafns að Bólu. Vel hönnuðu safni þar sem við getum skynjað og skoðað hvernig kjör alþýðufólks voru á hörðustu öldum Íslandssögunnar. Fundið á eigin skinni kuldann, gengið um vistarverurnar, fundið lyktina, séð ljósið af kolatírunni, snert förtin, smakkað matinn og heyrt hugsanir þess í rímunum. Lesið og séð stuttar ævisögur barna, kvenna og manna. Og þegar við stígum út í sólglitrandi víðáttu Skagafjarðar verður í brjósti okkar lítill glampi af lífi forfeðranna; hörkunni, voninni og stærðinni í smæðinni.

# „Vér viljum ekki breyta til, nema oss þyki sýnt, að nýungin sé betri“

Evrópumál

Þórir Stephensen
fyrrverandi Dómkirkjuprestur



Þessi yfirskrift er stafrétt tilvitnun í grein Jóns Þorlákssonar, þá formanns Íhaldsflokksins og síðar Sjálfstæðisflokksins, í Eimreiðinni 1926. Jón var afar gætinn og framsýnn stjórnmálamaður. Hann vildi horfa til nýrra tækifæra með framfarir í huga, en hann vildi einnig viðhafa mikla aðgæslu. Þess vegna segir hann í sömu grein, að það sé ekki fyrr en íhaldsmaðurinn, eftir sína nákvæmu athugun, er orðinn sannfærður um gildi og gagnsemi einhverrar nýjungar, þá fylgi hann henni eftir með festu þess manns, er geri miklar kröfur til sjálfs sín um rök fyrir nýbreytninni.

Ég hygg, að þeir séu æði margir, sem geta tekið undir með hinum gengna stjórnmálamanni og ekki síst nú, þegar rætt er um hugsanlega aðild að ESB. Slíkir menn finnast í öllum stjórnmálaflokkum landsins. Þeir sjá þar möguleika á nýjung, er geti fært þjóð okkar betri framtíð. Þess vegna hefur verið farið í aðildarviðræður.

Hinir eru einnig til, sem eru, að óreyndu máli, vissir um að þetta verði okkur ekki til gæfu. Þeir hafa sagt það „raunsætt mat“, að Íslendingum sé það fyrir bestu að standa utan ESB. Þeir hafa lagt til, að umsókn okkar um aðild verði tekin aftur.

En hvernig getur mat á slíkum málum verið raunsætt, þegar samningur liggur ekki fyrir? Þannig hefur margur spurt, að minnsta kosti úr röðum sjálfstæðismanna. Ég hef verið í þeirra hópi, en fengið þau svör, að mér væri óhætt að treysta hinu „raunsæja mati“ og ætti bara að þiggja handleiðslu þeirra, sem viti allt miklu betur en ég. Eitt sinn á liðnu ári var boðað til fundar í Sjálfstæðisflokknum um stjórnmálaviðhorfið. Framsögumaður hvatti mjög til samræðu innan flokksins, að menn ræddu ólík viðhorf og reyndu að finna lausnir, sem allir gætu sætt sig við. Hann taldi upp ýmsa málaflokka, þar sem þetta ætti við. Ég saknaði þar Evrópumálanna, en hann sagði mér, að þessa gerðist ekki þörf þar. Niðurstöðurnar lægju þegar fyrir.

Ég hef hingað til talið, að ég væri læs, og þannig fundið út, að samningar þjóða við bandalagið væru ekki allir eins. En ég var beðinn að gleyma því. Við myndum aldrei ná neinu, sem við gætum sætt okkur við.

Við, sem áhuga höfðum á samningum, fengum ekki nema einn fund með flokksforystunni í Valhöll á liðnu ári og hann mátti ekki auglýsa. Þá fannst mér, að litið væri á okkur eins og „óhreinu börnin hennar Evu,“ enda bar sá fundur engan árangur fyrir málstað okkar. Þetta hefur að stórum hluta haft á sér nokkuð „austrænt“ yfirbragð, nálgast það, að mönnum væri ekki treyst til að hugsa sjálfstætt, en þá er Sjálfstæðisflokkurinn kominn æði langt frá hugsjónum sínum.

Í hjarta mér er ég Evrópusinni, og í málum svo sem varðandi flóttamenn, mannréttindi, hungursneyð og annað slíkt, sem alþjóðasamfélagið glímir við, hef ég myndað mér kjörorð: Bróðerni ofar þjóðerni. Ég þrái að vinna að framgangi hugsjóna kærleikans, og þó að Evrópusambandið sé ekki fullkomið á neinn hátt, bind ég vonir við, að það geti orðið áfangi á leið mannkynsins til aukins réttlætis og umburðarlyndis. Hugsanlega hef ég rangt fyrir mér, hugsanlega einnig í því, að rétt sé að reyna samninga. Ég á ekki sannleikann, en mig langar til að sannleikurinn eigi mig. Ég er tortrygginn gagnvart þeim, sem ekki þurfa að leita sannleikans, búa hann jafnvel til handa sjálfum sér og virða ekki sannleiksþrá annarra manna.

Þeir, sem nú andmæla samningum, virðast vera hræddir við sannleiksleit annarra, líkt og Sovétmenn voru. Mér finnst það skortur á pólitískum þroska. Og þegar stjórnmálaflokkur tekur upp á því að neita mönnum um að standa fyrir þekkingaröflun, þá er eitthvað mikið að og mitt traust farið.

Að mínu áliti getur enginn Íslendingur svarað því af fullri einlægni, hvort hann vilji, að þjóðin gangi inn í Evrópusambandið, nema samningur liggi fyrir. Þá fyrst veit ég að minnsta kosti um mína afstöðu. Ég mun aldrei samþykkja, að við semjum af okkur fiskimiðin eða aðrar náttúruauðlindir okkar. Ég þekki engan Evrópusinna, sem vill ganga í samtökin, „hvað sem það kostar“ eins og þó hefur verið haldið fram af fágætu ofstæki um einstaka menn í okkar hópi.

Ég hvet alla, sem áhrif geta haft, að stuðla að samningum milli þjóðar okkar og Evrópusambandsins. Þeir hljóta svo, að verða bornir undir þjóðaratkvæði. Þannig metur þjóðin í heild, hvort nýjungin sé betri en það sem við búum við, og niðurstöðunni hljótum við öll að lúta.

Að mínu áliti getur enginn Íslendingur svarað því af fullri einlægni, hvort hann vilji, að þjóðin gangi inn í Evrópusambandið, nema samningur liggi fyrir.



**KÁTIR DAGAR** hófust í Langanesbyggð í gær og standa fram á sunnudag. Á Kátum dögum er skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna og má þar nefna fjölda dansleikja fyrir börn, unglinga og fullorðna.

# ;ALLT


FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

**Verð aðeins 7.290 kr.**

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

512 54 01 Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...




Gunnhildur Daðadóttir hefur gefið Finnum, Bandaríkjamönnum og Íslendingum pönnukökur að smakka. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Setur pönnuna á prímus

**Ef deigið væri hrært rangsælis gætu pönnukökurnar mislukkast. Þetta var trú ömmusystur Gunnhildar Daðadóttur fiðluleikara sem gefur lesendum uppskrift að pönnukökum sem eru vinsælar um heiminn.**

„Ég baka oft pönnukökur,“ segir Gunnhildur Daðadóttir fiðluleikari. Uppskriftina fékk hún hjá ömmusystur sinni. „Hún kenndi mér að baka pönnukökur og það voru mikil fræði á bak við þær. Það má aldrei hræra deigið rangsælis vegna þess að þá mislukkast þær. Ég er að reyna að halda uppi heiðri fjölskyldunnar með því að halda áfram að baka pönnukökur.“

Gunnhildur hefur verið við nám í fiðluleik erlendis síðustu fimm ár. Fyrst stundaði hún nám í Finnlandi en svo flutti hún sig yfir til Illinois í Bandaríkjunum og heimsótti seinna bróður sinn til Seattle. Hún segir pönnukökupönnuna fylgja sér um heiminn. „Ég á alltaf eina pönnukökupönnu á Íslandi og eina þar sem ég er á hverjum tíma,“ segir Gunnhildur og heldur áfram: „Svo fer ég í útilegur og þá tek ég pönnuna með á prímus.“

Að sögn Gunnhildar finnst Finnum og Bandaríkjamönnum pönnukökur góðar. „Þetta er svolítið öðruvísi heldur en þeir eru vanir. Í Ameríkunni eru pönnukökur mjög þykkar og í Finnlandi eru þær litlar eins og lummur.“

Gunnhildur leikur ásamt Guðríði St. Sigurðardóttur á tónleikum í Gljúfrasteini klukkan fjögur á sunnudag. *martaf@frettabladid.is*

## PÖNNUKÖKUR FIÐLULEIKARANS

Hrærðar réttsælis **20 STYKKI**

50 g smjörlíki
3 dl hveiti
4-5 dl nýmjólk
1 tsk. vanillusykur
½ tsk. lyftiduft
¼ tsk. hjartarsalt
½ tsk. salt
1 egg

*Bræðið smjörlíkið á pönnukökupönnunni og látið kólna. Blandið þurrefnunum saman. Blandið mjólkinni rólega saman við á meðan hrært er réttsælis í blöndunni.*

*Bætið egginu út í og bræddu smjörlíkinu. Bakið svo þunnar pönnukökur á pönnukökupönnunni.*

*Berið fram með sykri eða sultu og rjóma.*




NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899 • www.nings.is



Sumar tilboð
3190 kr. fyrir tvo
Sumartilboð Nings fyrir tvo og fleiri
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Karrýnúðlur með sesam, edamame og grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með drekasósu
Hrísgrjón og 2 x 0,5L Appelsín

**HÚNAVAKA** 2010 verður haldin nú um helgina á Blönduósi. Mikið verður um að vera á þessari fjölbreyttu fjölskyldu- og menningarhátíð Húnvetninga.





Glæsileg Leður sófasett
Chesterfield, Hornsófi og fl, frábær verð. Hágæða leður.
Upplýsingar í síma 847 2366 og 693 3780. fakaland.net
FAKALAND

Flottir skór á lágum hæl!
Þægilegir og vandaðir dömuskór úr leðri með skinnfóðri


Teg. 37186
Stærðir: 36 - 40
Verð: 16.485.-

Teg: 37182
Stærðir: 36 - 40
Verð: 16.485.-

Misty skór
Laugavegi 178
Vertu vinur
Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is




Sandkastalakeppni yngri kynslóðarinnar er fastur liður á dagskránni.

# Stemning á Stokkseyri

**Þótt Ringó Starr eigi ekki heimangengt til að spila með gömlu Víkurbítlunum á Bryggjuhátíðinni á Stokkseyri verður staðgengill hans á sviðinu og Rolling Stones-aðdáandi númer eitt treður upp.**

Stokkseyringar hafa efnt til Bryggjuhátíðar í sjöunda sinn og dagskráin er lífleg. Fjölskylduskemmtunin á bryggjunni í kvöld er þar viss hápunktur, hún dregur að bæði heimamenn og gesti. Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar lendir og Árni Johnsen stjórnar bryggjusöng við varðeld. „Árni er fastur gestur hjá okkur og heldur uppi fjöri eins og honum einum er lagið," segir Björn Ingi Bjarnason, einn af forvígismönnum samkomunnar.

Hljómsveitin Granít frá Vík í Mýrdal verður með bændaball í kvöld þar sem áherslan er á þjóðlega danstónlist og lög Bítlanna og Rolling Stones. Munu þá þekktir einstaklingar úr samfélaginu bætast í sveitina. „Ringó Starr átti merkisafmæli nýlega og er þekktur Íslandsvinur en hann á ekki heimangengt svo Eyþór Arnalds mun leysa hann af. Svo verður Rolling Stones-aðdáandi númer eitt, Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður, með söngatriði líka," segir Björn Ingi. Síðar í kvöld hefst stórdansleikur á Draugabarnum með hljómsveitinni Karma og trúbador og létt kántrístemning á Kaffi Sól.

Á morgun klukkan eitt hefst sandkastalakeppni hjá yngri kynslóðinni og ef að vanda lætur verða þar til mikilfengleg mannvirki. Línudans verður í hávegum hafður á hátíðinni. Námskeið í honum verður bæði fyrir börn og fullorðna í dag og afraksturinn mun svo sýndur í Töfragarðinum á sunnudag.

Það er Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi sem stendur fyrir Bryggjuhátíðinni í samvinnu við heimaaðila og fleiri. Dagskráin er á: http://www.stokkseyri.is.

*gun@frettabladid.is*


;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447
HELGIN
Laugardaga



Hringdu í síma
512 50 60

ef blaðið berst ekki


# Aftur til 13. aldarinnar

**Miðaldadagar hefjast á Gásum við Hörgárósa í Eyjafirði á morgun og standa fram til 20. Júlí.**

Gásir eru við Hörgárósa í Eyjafirði 11 km norðan við Akureyri. Til forna var þar verslunarstaður sem talinn er hafa verið einn alþjóðlegasti staður landsins. Á Miðaldadögum er líf og starf fólks í Gásakaupstað miðalda endurvakið og gestir fluttir aftur til fyrrihluta 13. aldar.

Stutt frá fornminjunum á Gásum er hafið verkefni við að byggja upp tilgátustað fyrir ferðamenn eftir tilgátuteikningu af Gásum sem byggð er á fornleifarannsóknum sem fóru þar fram frá 2001 til 2005. Erlendis hafa slíkir staðir notið mikilla vinsælda og ætti það sama að eiga við hér.

*- eö*



Á Miðaldadögum er sögusviðið fyrrihluti 13. aldar.



Meðal þess sem verður til skemmtunar í Hrísey er skeljakappát.

# Hjólböruformúla og skeljakappát

**Í Hrísey hefst í dag fjölskyldu- og skeljahátíð þar sem margt verður um að vera.**

Fjölskyldu- og skeljahátíðin í Hrísey hefst í dag og stendur fram á sunnudag með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Meðal þess sem boðið verður upp á er sjósund, kajakleiga, skeljakappát, ratleikur, hjólböruformúla, leiktæki, sædýrasafn, grill og varðeldur.

Reglulegar ferðir eru frá Árskógssandi til eyjarinnar alla helgina en panta þarf sérstaklega ef ferðast er með tjaldvagn eða fellihýsi.

*- eö*



Varðeldur verður kveiktur annað kvöld.

**LITLAR MATREIÐSLUBÆKUR** sem láta lítið yfir sér innihalda oft einfaldar og góðar uppskriftir sem nýtast miklu betur en flóknari uppskriftir úr íburðarmeiri bókum. Aldrei ætti að dæma bókina af kápunni.






# Milljónir borða thali

**Gunnar Gunnarsson og Chandrika Gunnarsson hafa boðið Íslendingum upp á indverskan mat í 16 ár og bjóða nú upp á thali, rétt sem inniheldur alla fæðuflokkana og er vel þekktur í Indlandi.**

„Við leggjum áherslu á ekta indverskan mat og kokkarnir koma alla leið frá Indlandi," segir Gunnar Gunnarsson, eigandi Austur-Indíafélagsins og Austurlandahraðlestarinnar, en hann kynnti nýlega ásamt matreiðslumönnum sínum réttinn thali sem góðan kost í hádeginu. Hann segir thali rótgróinn indverskan rétt sem milljónir Indverja borði á degi hverjum.

„Á Indlandi eru veitingahús sem sérhæfa sig í thali. Hugmyndin að baki er að búa til heilsusamlega samsetningu sem inniheldur alla fæðuflokkana. Thali inniheldur því grænmetisrétt, kjöt- eða baunarétt, grjón, jógúrtsósu og naanbrauð."

Gunnar og eiginkona hans, Chandrika Gunnarsson, ákváðu að kynna indverska matarmenningu fyrir Íslendingum þegar þau komu heim frá námi í Ameríku fyrir 16 árum. Þau opnuðu því Austur-Indíafélagið og í dag eru Austurlandahraðlestirnar orðnar þrjár. Ein á Hverfisgötu, önnur í Hlíðarsmára í Kópavogi og sú þriðja í Spönginni Grafarvogi.



Lakshman Rao matreiðslumaður gefur lesendum uppskrift að thali-hádegisverði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það var alltaf mikið að gera hjá okkur í að afgreiða mat úr húsi á Austur-Indíafélaginu og því kviknaði hugmyndin að Austurlandahraðlestinni sem „Take away" stað," útskýrir Gunnar.

Lakshman Rao matreiðslumaður hefur kokkað á Austur-Indíafélaginu og Austurlandahraðlestinni í 15 ár. Hann gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að lambaeða kjúklingakarrírétti og jógúrtsósu sem er hluti þess sem thalirétturinn inniheldur.

## LAMBA- EÐA KJÚKLINGAKARRÍ

með raitha, agúrku- og jógúrtsósu. **FYRIR 6**

(einn af réttunum úr thali-hádegisverðinum)

1 kg úrbeinað lambalæri eða kjúklingabringur
2 rauðlaukar saxaðir
3 tómatar saxaðir
½ msk. saxaður engifer
½ msk. saxaður hvítlaukur
2 msk. saxaður ferskur kóríander
1 msk. garam masala
½ msk. túrmerikduft
1/2 msk. chilli-duft
2 msk. kóríanderduft
1 msk. cumin-duft
1-2 msk. matarolía

*Hreinsið og skerið lambið/kjúklinginn í litla teninga. Hitið olíuna á pönnu. Léttbrúnið laukinn. Bætið út í engiferi og hvítlauk og öllum kryddunum og eldið í 2 mínútur. Bætið við tómötum og eldið þar til þeir blandast vel við maukið. Bætið þá kjötinu út í, salti og bolla af vatni. Eldið þar til kjötið er tilbúið og sósan hefur þykknað. Bætið fersku kóríanderlaufunum út í áður en borið er fram.*



**Raitha, agúrku- og jógúrtsósa**
1 stk. agúrka skorin í strimla og söxuð
2 bollar hrein jógúrt
¼ bolli ferskt kóríander saxað
½ tsk. salt
½ tsk. cumin
¼ tsk. kóríanderduft
¼ tsk. chili pipar

*Öllu blandað saman og hrært vel.*

# Sumarlegir smurbrauðsréttir

**Það er hásumartíð. Gaman getur verið að fara í lautarferð í góða veðrinu.**

Í blíðunni er tilvalið setja sumarlegt nesti í körfu og halda út. Smurbrauð veitingakonunnar Marentzu Poulsen er bæði sumarlegt og góður lautarferðarbiti.

Marentza rekur þrjú kaffihús í Reykjavík í sumar, í Hljómskálanum, Café Flóru í Grasagarðinum og í Dillonshúsi á Árbæjarsafni.

*- mmf*





## SMURBRAUÐ MARENTZU

Með reyktum laxi eða soðnum kartöflum. **FYRIR 6**

**Smurbrauð með reyktum laxi og spergilsalati**
fyrir sex
6 maltbrauðsneiðar
Reyktur lax, 4 til 5 sneiðar á hverja brauðsneið
Salatblað á hverja sneið

**Salat:**
300 g ferskur, grænn spergill
1-2 appelsínur
4 msk. ólífuolía
1,5 dl kerfill, fínt saxaður
10 stilkar graslaukur, fínt saxaður
Salt og pipar

**Aðferð:**
*Skolið spergilinn. Sjóðið hann í saltvatni þar til hann er rétt byrjaður að meyrna. Kælið og skerið í bita. Skrælið appelsínurnar og skerið í þunna báta. Takið safa úr einni appelsínu og sjóðið þar til farið er að þykkna. Setjið safann í skál ásamt olíunni og þeytið vel saman, bragðbætið með salti og pipar. Veltið sperglinum, appelsínubátunum, kerflinum og graslauknum upp úr safanum.*

*Smyrjið brauðið með smjöri. Setjið salatblað og laxasneiðar. Setjið matskeið af salatinu á miðja sneiðina. Gott er að setja smá kerfil ofan á topp salatsins.*

**Smurbrauð með soðnum kartöflum og ansjósumajónesi**
fyrir sex
6 maltbrauðsneiðar
6 soðnar kartöflur
8 til 10 graslauksstilkar, gróft saxaðir
½ búnt ítölsk steinselja, gróft söxuð
Steiktir laukhringir

**Ansjósumajónes**
2 dl majónes
8 ansjósur
½ pressað hvítlauksrif
Smá sítrónusafi
Salt og pipar eftir smekk

**Aðferð:**
*Merjið ansjósurnar og blandið þeim saman við majónesið ásamt hvítlauknum, bragðbætið með sítrónusafanum, saltinu og piparnum.*

*Smyrjið brauðsneiðarnar með smjöri, setjið salatblað á brauðið og skerið kartöflurnar í sneiðar. Ein kartafla sett á hverja brauðsneið. Setjið eina matskeið af ansjósumajónesinu fyrir miðju ofan á kartöflusneiðarnar. Því næst er steikti laukurinn settur ofan á og graslauk og steinselju stráð yfir.*












# SUMARGLEÐI BYLGJUNNAR

## Á FLÚÐUM UM HELGINA

**Bylgjan** þakkar Ísfirðingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Næst er það **Flúðafjör** þar sem öll fjölskyldan finnur eitthvað skemmtilegt við sitt hæfi.







### HEMMI GUNN OG SVANSÍ

Á laugardaginn höldum við Sumargleði Bylgjunnar með Hemma Gunn og Svansí við stjórnvölinn kl. 12:30-16. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna fyrir utan félagsheimilið. Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.

**Fjölmennum á útihátíð Bylgjunnar og Olís á Flúðum og njótum góðrar skemmtunar í frábæru veðri.**

### NÆSTU VIÐKOMUSTAÐIR

23. - 27. Júlí
**Franskir dagar á Fáskrúðsfirði**
6. - 7. Ágúst
**Fiskidagurinn mikli á Dalvík**

### FYRIR YNGSTU KYNSLÓÐINA

**Jóhanna Guðrún**
**Sigrún Vala**
**Mummi klaufi**

### POTTÞÉTT FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

**Hringekja**
**Hoppkastalar**
**Leiktæki**
**Gos, grill og grænmeti**

### DANSLEIKUR Á ÚTLAGANUM

Magni og Á móti sól koma sérstaklega saman fyrir þennan dansleik. Sérstakir gestir: Raggi Bjarna, Hemmi Gunn og Þorgeir Ástvalds.

### FRÁBÆRIR SKEMMTIKRAFTAR

**Magni og Á móti Sól**
**Raggi Bjarna**
**Þorgeir Ástvaldsson**
**Sjonni Brink**
**Bjarni Ara**
**og margir fleiri!**

olís

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Fíton/SÍA

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 16. júlí 2010




## ER SVOLÍTILL ORMUR

Alexander Briem leikur aðal-hlutverkið í kvikmyndinni Gauragangi


+ LEIKARI ÁNÆGÐUR MEÐ MANNANAFNANEFND + SYSTUR HANNA FÖT + HJÁLMAR MEÐ BLÁSARASVEIT + EFTIRLÆTI VÖRUHÖNNUÐAR






**Acer Aspire 5732Z-443G32Mn**
- 2.2GHz Intel Pentium Dual-Core T4400 örgjörvi
- 3GB DDR2 minni
- 320GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari
- 15.6" WXGA Full HD breiðskjár
- Acer Orbicam 0.3MP myndavél í skjá
- Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort
- Windows 7 Home Premium

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 109.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ finndu sköpunarkraftinn

## ODDGEIR EINARSSON LÖGFRÆÐINGUR

Ég mun rífa mig úr vinnugallanum á föstudaginn og klæðast stuttbuxum og stuttermabol alla helgina. Haugur af vinum og ættingjum, sem búsettir eru erlendis, eru að koma í sumarfrí til Íslands og vonandi tekst manni að hitta eitthvað af þeim. Aðalverkefnið er þó að skeggræða málefni líðandi stundar við tveggja mánaða son minn.



helgin MÍN

### Kline til liðs við Evu



Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að ung íslensk stelpa, Eva Maria Daniels, væri smám saman að hasla sér völl innan sjálfstæða kvikmyndageirans í Hollywood. Hún var í framleiðendateymi The Romantics sem skartaði Katie Holmes í aðalhlutverki og nú er ný kvikmynd væntanleg frá henni. Bandaríski óskarsverðlaunahafinn Kevin Kline er orðaður við hana ásamt Ty Burrel úr gamanþáttunum Modern Family en aðalhlutverkið verður í höndunum á Jason Schwartzman sem sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni Rushmore árið 1998.

þetta HELST

### Ellen með búningana



Fatahönnuðurinn Ellen Loftsdóttir hefur verið fengin til að klæða upp stjörnurnar í söngleiknum Buddy Holly sem frumsýndur verður í byrjun október. Ellen hefur verið að gera góða hluti í fatahönnun og stíliseringu að undanförnu og því prýðis viðbót við sýninguna sem margir bíða spenntir eftir að sjá. Ingó veðurguð leikur aðalhlutverkið, sjálfan Buddy, en æfingar hefjast 30. ágúst.



**Skuggaleg** Fyrirsæta tekur sig vel út í kjól frá Shadow Creatures. MYND/SÓLVEIG OG EDDA

Systurnar Edda og Sólveig Ragna hanna saman:

# FLÍKUR FYRIR ALLA

Systurnar Edda Guðmundsdóttir fatahönnuður og Sólveig Ragna Guðmundsdóttir arkitekt mynda saman hönnunartvíeykið Shadow Creatures. Systurnar leggja mikla áherslu á að hanna þægilegar en jafnframt breytilegar flíkur.

Línan samanstendur meðal annars af pilsum, samfestingum og peysum og eru flíkurnar allar unnar úr hágæða efnum. „Við notum mjög gæðaleg efni eins og kínverskt silki, bómull og önnur efni sem þægilegt er að klæðast. Flíkurnar eru einnig svolítið breytilegar, það er til dæmis hægt að binda hálsmálin á mismunandi vegu þannig að flíkin klæði alla sem best,“ útskýrir Edda. Hún segir samvinnuna á milli þeirra systra hafa gengið vonum framar, enda séu þær mjög samstilltar hvað fatasmekkinn varðar. „Við höfum oft lent í því að kaupa sömu flíkina hvor í sínu landinu og erum nánast með einn, stóran, sameiginlegan fataskáp heima hjá okkur. Þannig að það voru engin vandræði eða rifrildi meðan á vinnunni stóð.“

Systurnar hyggjast hanna karlalínu undir sama nafni innan skamms og eru einnig með tilbúna nærfatalínu sem bíður þess eins að komast í framleiðslu. Hægt er að skoða hönnun þeirra systra á Facebook síðu Shadow Creatures. *-sm*



**Með eins fatasmekk** Systurnar Edda og Sólveig Ragna Guðmundsdætur mynda saman hönnunartvíeykið Shadow Creatures. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON






Guðjón Davíð Karlsson leikari er himinlifandi:

# Gói samþykktur

„Þetta er hugmynd, spurning hvort maður fari ekki bara niður á Hagstofu og láti græja þetta, breyti bara nafninu. Það eru miklar tilfinningar sem bærast innra með mér núna,“ segir Guðjón Davíð Karlsson leikari. Hin umdeilda mannanafnanefnd ákvað á síðasta fundi að heimilt væri að skíra íslenska karlmenn nafninu Gói en Guðjón hefur oftast gengið undir þessu gælunafni og notast meðal annars við það í vinnupóstinum sínum hjá Borgarleikhúsinu.

Gói var að vonum ánægður með niðurstöðu mannanafnanefndar og bjóst við að senda þeim risastóran blómvönd í þakklætisskyni. „Mér finnst enda eins og samfélagið sé búið að samþykkja mig, ég sé opinberlega orðinn manneskja og mannanafnanefnd hefur fyllt upp í þetta tómarúm sem ég hef þurft að burðast með,“ segir Gói.

En það er ekki hægt að sleppa leikaranum út í veðurblíðuna án þess að spyrja hann hvaðan nafnið sé komið. „Þetta kemur frá systur minni, henni fannst Guðjón ekki passa við mig þegar ég var ómálga barn. Og þetta hefur haldist við mig síðan.“ *- jma*



**Leikarinn Guðjón Davíð Karlsson, eða Gói, íhugar að senda mannanafnanefnd blómvönd.**

✻ augnablikið



**SARA CARBONERO** íþróttafréttaritari mætir í lokafögnuð HM, í partílegu vinnudressi. Sara er kærasta fyrirliða Spánar, Iker Casillas.


Auglýsingasími
512 54 01

Allt sem þú þarft...



föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN Á ÞÚSUNDUM VARA
KÍKTU TIL OKKAR Í THE PIER

# Allt að 70% afsláttur

the PIER

kemur stöðugt á óvart

www.pier.is

afsláttur gildir til 1. ágúst

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# VEIT EKKI HVORT VIÐ ORMUR

*Alexander Briem*

**fer með hlutverk Orms í nýrri kvikmynd byggðri á skáldsögu Ólafs Hauks Símonarsonar, Gauragangi. Alexander útskrifaðist af leiklistarbraut Kvikmyndaskóla Íslands í vor og þetta er fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem hann leikur í.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Ljósmyndir:* **Anton Brink**

Alexander Briem leikur sjálfan Orm Óðinsson í væntanlegri kvikmynd sem byggð er á skáldsögu Ólafs Hauks Símonarsonar, Gauragangi. Þátt fyrir ungan aldur er Alexander Briem enginn nýgræðingur á sviði leiklistarinnar því sem barn lék hann tvisvar á sviði Þjóðleikhússins auk þess sem hann fór með hlutverk í stuttmyndinni Góðir gestir.

Gauragangur fjallar í stuttu máli um ævintýri Orms Óðinssonar, sextán ára gamals pilts, sem glímir við ástina og hin erfiðu unglingsár. Um sjö hundruð ungmenni mættu í áheyrnarprufur sem haldnar voru um allt land síðastliðið sumar og hrepptu þau Alexander og Hildur Berglind Arndal hlutverk Orms og Lindu. Alexander fékk góðu fréttirnar sama dag og hann komst að því að honum hafði verið synjað um inngöngu í leiklistardeild Listaháskóla Íslands, en hann hafði þá komist alla leið í tuttugu manna lokahóp. „Þetta var magnaður dagur, fyrst rigning og svo sól. Svolítið eins og íslensk veðrátta," segir Alexander og hlær.

### ER SVOLÍTILL ORMUR

Þegar Alexander er inntur eftir því hvort hann samsami sig persónunni Ormi segist hann hafa undirbúið sig vel undir þá spurningu. „Þetta er sú spurning sem ég hef hvað oftast fengið. Það ótrúlega er að ég las bókina í 8. bekk og man eftir því að ég lá uppi í rúmi með bókina og sá fyrir mér kvikmyndaplakat þar sem ég var í hlutverki Orms Óðinssonar og lá út af í rúminu, með sígarettu í munninum og með fæturna upp á vegg. Þetta var „móment" sem ég man mjög vel og mun alveg ábyggilega aldrei gleyma héðan í frá," segir Alexander. Hann er þó ekki viss um að þeim Ormi myndi verða vel

*Þetta var magnaður dagur, fyrst rigning og svo sól. Svolítið eins og íslensk veðrátta.*

til vina skyldu þeir hittast einn daginn. „Það er að sjálfsögðu smá Ormur í mér, en ég held að hann myndi ekki líta mikið upp til mín ef hann hitti mig. Hann er á sextánda ári þegar þessi saga er sögð, ég er á því tuttugasta og fyrsta, en hann er ábyggilega þrisvar sinnum gáfaðri og betur máli farinn en ég. Það er í raun magnað að Ólafi Hauki hafi tekist að koma þessari manneskju niður á blað og á þann hátt að lesandanum finnst hann trúverðugur. Hann er sextán ára en samt ótrúlega hnyttinn, gáfaður og góður með sig. Þrátt fyrir það samsamar fólk sig honum. Það er magnað afrek."

### KRÖFUHART SAMSTARFSFÓLK

Tökur á myndinni ganga að sögn Alexanders vel og eru samstarfsfélagarnir kröfuhart en yndislegt fólk. Hann segir tökudagana langa en honum þyki þægilegt að vera stöðugt að vinna. „Mér finnst mjög þægilegt að vera stanslaust í tökum. Maður vinnur allan daginn, fer heim að undirbúa sig fyrir næsta dag og svo í háttinn og mætir ferskur til leiks daginn



**Svolítill Ormur** Alexander Briem fer með hlutverk Orms Óðinssonar í nýrri kvikmynd sem byggð er á skáldsögunni Gauragangi eftir Ólaf Hauk Símonarson.






## * bak við tjöldin



**Uppáhaldsleikarinn?**
Það eru meðal annars Philip Seymour Hoffman, Mads Mikkelsen og Kyle MacLachlan.

**Uppáhaldsbókin?**
Gauragangur og Um skáldskaparlistina.

**Besti tími dags?**
Nóttin.

**Stjörnumerki?**
Vatnsberi.

**Uppáhalds borgin?**
París, New York, London eða Barcelona, það fer eftir ferðafélögum.






# R YRÐUM VINIR

eftir. Síðan eru tökudagarnir jafn ólíkir og þeir eru margir og vægast sagt lærdómsríkir," segir Alexander og bætir við að tíminn á tökustað hafi verið ómetanleg reynsla sem jafnist líklega á við heilt ár í leiklistarnámi.

### ERFITT AÐ HORFA Á SIG LEIKA

„Við munum koma fram í húsfreyjubúningum og spila á eldhústæki og tól. Úr hlutum sem flestir eru vanir að nota til að búa til mat, búum við til hljóð og gerum lög,“ segir Keller sem segir að þær noti meðal annars gúmmíhanska, hrærivélar og þeytara til að búa til hljóð. Hún er sjálf forsprakki sams konar hljómsveitar í Kanada, Women With Kitchen Appliances, sem hefur notið mikillar hylli í heimalandinu að hennar sögn. „Fólki finnst þetta vera merkilegt og þetta er sýning. Eftir tónleika, sem standa yfir í um 30 mínutur, eru gestir velkomnir upp á svið til að prufa tækin og læra að búa til hljóð,“ segir Keller en hún er búin að vera á Íslandi síðan í maí og býr í listamannaíbúðum Sambands íslenskra myndlistarmanna. „Það er æðislegt að vera hér og það er mikil gróska í íslenskum listum.“

Gjörningurinn er í tengslum við Villa Reykjavík listahátíðina og gefst almenningi kostur á að sjá íslensku listakonurnar með Juliönu Espana Keller í fararbroddi á Havarí í Austurstræti á laugardaginn klukkan 16.00. **- áp**

# Þekkir ekki til Kendru

Kynbomban Pamela Anderson var spurð að því í viðtali nýlega hvað henni fyndist um þá staðreynd að hún væri innblástur Kendu Wilkinson til að fá sér draumabrjóstin sín.

„Hver er það? Ég hef ekki hugmynd um hvað þú ert að tala um,“ sagði bomban. Eitthvað virðist Kendra hafa farið framhjá henni því að þrátt fyrir útskýringar kveikti hún ekki á perunni.

# Vill leika móður sína

**Kelly Osbourne hefur ákveðið að gefa kost á sér í hlutverk móður sinnar í nýrri mynd um líf rokkarans Ozzy Osbourne.**

**„Mamma styður mig í þessu því við erum mjög líkar. En það gæti orðið óþægilegt að kyssa einhvern sem er að leika pabba minn!“ sagði leikkonan í viðtali.**



**KELLY SEM SHARON** Mögulega væri það mjög óþægilegt að þurfa að kyssa einhvern í hlutverki pabba manns.


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| KILLERS | kl. 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 10.30 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10 kraftsýning | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| PREDATORS | 8 og 10 (POWER) | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| BOÐBERI | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:40 - 8:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3 - 5:40 - 8:10 - 10:40 | |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 3:20 - 3:40 - 5:50 | L |
| TOY STORY 3 ensku Tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:40 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

FYRSTA BÍÓFERÐIN! sérstök barnasýning á Shrek í dag klukkan 13 í Álfabakka

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3-3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| BOÐBERI | sýnd á morgun kl. 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |
| KILLERS | kl. 8 - 10:10 | L |
| BOÐBERI | kl. 6 | 14 |







GORI 44+
ÖLL
VIÐARVÖRN
25%
AFSLÁTTUR
ÖLL
SUMARBLÓM
& GARÐPLÖNTUR
50%
AFSLÁTTUR
ÚTSALA
ÚTSALA
GARÐÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
22.490
29.990
Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnari, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK& DECKER
ÝMIS
GARÐVERKFÆRI
20-30%
AFSLÁTTUR
5.990
7.990
ÖLL TJÖLD
20%
AFSLÁTTUR
RAFMAGNS
SLÁTTUVÉLAR
25%
AFSLÁTTUR
Tjald 3 manna Santa Barbara
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T polyester
Stærð með fortjaldi
130 x 210 x 210 sm
5869205
GARÐSETT
19.900
27.990
ORF
20%
AFSLÁTTUR
39.900
49.900
Burny
Gæða gasgrill
Burny Sizzler 200
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf
yfir brennurum
Postulínsemelerað
lok, grill og grillgrind
sem varnar ryðmyndun.
3000272
Garðsett
80 sm borð með
4 stólum
3899138
ÖLL
GARÐHÚSGÖGN
25%
AFSLÁTTUR
Látum
verkin tala!
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## > Vilja frekar André Hansen en Árna Gaut

Árni Gautur Arason fær ekki nýjan samning hjá norska félaginu Odd Grenland. Frá þessu var greint á staðarmiðlinum Varden. „Þetta eru vonbrigði,“ sagði Árni Gautur. „Ég er ekki sár eða svekktur. Svona er fótboltinn og ég veit að félagið er að reyna að spara peninga.“ Norska félagið samdi nýverið við André Hansen sem lék með KR á síðasta tímabili. Er honum ætlað að vera aðalmarkmaður og ungur Norðmaður verður varamarkmaður.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR KRISTJÁNSSON, ÞJÁLFARI BREIÐABLIKS:** EFTIR 1-0 TAP Á MÓTI MOTHERWELL Í SKOTLANDI Í GÆRKVÖLDI

## *Gáfum okkur ákveðna möguleika fyrir næsta leik*

Breiðablik tapaði 1-0 í fyrri leiknum á móti skoska liðinu Motherwell í 2. umferð undankeppni Evrópudeildarinnar í gærkvöldi. Sigurmark Motherwell kom eftir rúmlega klukkutíma leik.

„Það gefur ákveðna möguleika fyrir seinni leikinn að fá aðeins á sig eitt mark á útivelli. Það er betra heldur en að tapa 2-0 eða 3-0,“ sagði Ólafur Krtistjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn í gær.

„Þeir reyndu að setja okkur undir pressu í fyrri hálfleik og gerðu það. Við stóðumst öll áhlaup, Ingvar (Þór Kale) ver í tvígang vel frá þeim og svo lokuðum við betur á þá í seinni hálfleiknum,“ sagði Ólafur. Góð byrjun Blika í seinni hálfleik hefði getað skilað mikilvægu útivallarmarki.

„Á fyrstu fimm mínútunum eigum við tvö mjög góð færi. Guðmundur Pétursson fékk annað og Kristinn Steindórsson setur hann í stöng. Ef heppnin hefði verið með okkur þá hefðum við verið komnir þarna í



1-0 og með mark á útivelli,“ sagði Ólafur.

„Það var bara með ólíkindum að Kristinn skyldi ekki hafa sett hann inn en hann hefur eitthvað fipast,“ segir Ólafur en í kjölfarið náðu Skotarnir aftur upp pressu og markið þeirra kom síðan á 63. mínútu.

„Þeir skora mark úr fyrirgjöf sem siglir í gegnum allan pakkann og í fjærhornið,“ sagði Ólafur. Það var annars ágætt hljóð í þjálfaranum í leikslok. „Nú erum við búnir að fara í gegnum þennan fyrri leik og sjá hvernig þeir spila. Það var allt annað tempó í þessum leik heldur en í leiknum sem ég sá hjá þeim um helgina. Nú vitum við betur hvernig þeir spila og hvað þeir eru að reyna,“ segir Ólafur og hann segir að Blikar eigi ágæta möguleika í seinni leiknum ef þeir verða klókir.

„Þeir eru mjög skoskir. Það er stór framherji hjá þeim sem er mikið dælt á og þeir eru ekki mikið að reyna spila boltanum upp völlinn. Vð vorum ekki rassskelltir og gefum okkur ákveðna möguleika fyrir næsta leik,“ sagði Ólafur að lokum.



**METJÖFNUN** Rory McIllroy spilaði frábærlega á St. Andrews í gær. MYND/AP

Fyrsti dagur opna breska:

## 21 árs Norður-Íri í miklu stuði

**GOLF** Rory McIlroy, 21 árs Norður-Íri, spilaði frábærlega á fyrsta degi opna breska meistaramótsins í gær og er með tveggja högga forustu eftir fyrstu 18 holurnar. McIlroy jafnaði vallarmetið á St. Andrews-vellinum með því að leika á 63 höggum eða 9 höggum undir pari.

„Ég varð að nýta mér þessar aðstæður, völlurinn bauð upp á svona skor,“ sagði McIlroy en blautur völlur og logn gerðu það að verkum að allar helstu varnir hins heimsfræga vallar voru niðri. McIlroy fékk 7 fugla og einn örn á hringnum en í öðru sæti er Suður-Afríkumaðurinn Louis Oosthuizen.

Hinn 44 ára gamli John Daly átti líka frábæran hring og er höggi á eftir í 3. sæti ásamt fjórum öðrum kylfingum.

„Það er vandræðalegt að þú þurfir að spila á fimm undir pari til að ná inn á topp tíu. Ég hef aldrei séð risamót eins og þetta,“ sagði Tiger Woods sem er í 8. til 16. sæti fjórum höggum á eftir McIlroy. - óój

Veigar Páll Gunnarsson:

## Klikkaði á tveimur vítum

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson klikkaði á tveimur vítaspyrnum í 2-2 jafntefli Stabæk í fyrri leiknum á móti Dnepr frá Hvíta-Rússlandi í Evrópudeildinni í gær.

Veigar Páll tryggði Stabæk jafnteflið með því að skora á 53. mínútu þegar hann fylgdi á eftir þegar markvörður Dnepr varði frá honum vítaspyrnu. Átta mínútum síðar fékk Veigar Páll aðra vítaspyrnu en skaut þá yfir. - óój




### Lið 11. umferðar (3-4-3):

**Markvörður:**
Jóhann Ólafur Sigurðsson, Selfoss

**Varnarmenn:**
Eiður Aron Sigurbjörnsson, ÍBV
Finnur Orri Margeirsson, Breiðablik
Pétur Viðarsson, FH

**Miðvallarleikmenn:**
Matthías Vilhjálmsson, FH
Guðmundur Kristjánsson, Breiðablik
Andri Ólafsson, ÍBV
Hilmar Geir Eiðsson, Haukar

**Framherjar:**
Arnar Gunnlaugsson, Haukum
Atli Guðnason, FH
Alfreð Finnbogason, Breiðablik

# Klassa neðar en Karpaty

Úkraínska liðið Karpaty reyndist of sterkt fyrir KR og vann öruggan 3-0 sigur í Vesturbænum í gær. Von KR að komast áfram er nánast engin.

**FÓTBOLTI** KR-ingar mættu ofjörlum sínum í forkeppni Evrópudeildarinnar í gær þegar þeir tóku á móti Karpaty frá Úkraínu. KR lá aftarlega á vellinum í fyrri hálfleik og leyfði gestum sínum að vera með knöttinn. Varnarleikur heimamanna var öflugur og þeir gáfu fá færi á sér.

En strax í fyrstu sókn seinni hálfleiks komst úkraínska liðið yfir og bætti svo tveimur mörkum við á næstu mínútum. KR-liðið opnaði sig of mikið og Evrópudraumurinn eyðilagðist á stuttum kafla. Eftir þessi mörk gat Karpady tekið lífinu með ró en var þó líklegra til að bæta við en KR að minnka muninn. Sóknaraðgerðir Vesturbæinga voru fyrirsjáanlegar.

KR-ingar hófu leikinn með leikkerfinu 4-5-1 og fékk Kjartan Henry Finnbogason öllu varnarmeira hlutverk á kantinum en hann er vanur. Eftir leik viðurkenndi Kjartan að óraunhæft væri að stefna áfram eftir þetta slæma tap á heimavelli. Seinni leikur liðanna verður í Úkraínu eftir viku.

„Við förum út og höfum engu að tapa, reynum að spila eins vel og við getum. Þetta fer í reynslubankann og vonandi þjappar hópnum saman,“ sagði Kjartan Henry. Lið Karpady er mjög öflugt og var getumunurinn bersýnilegur í Vesturbænum í gær eins og lokatölurnar gefa til kynna.

Það jákvæðasta sem KR getur tekið út úr leiknum er hve vel liðinu tókst að halda mótherjum sínum í skefjum í fyrri hálfleiknum.

„Við vissum að ef við myndum standa okkar plikt í vörninni myndum við fá tækifæri fram á við. Við fengum það alveg í fyrri hálfleiknum og í Evrópukeppni höfum við verið flinkir að nýta þau tækifæri en ekki að þessu sinni,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR.

KR-ingar áttu hættulegustu sókn




**VONIN ÚTI** Björgólfur Takefusa og félagar í KR eru svo gott sem úr leik í Evrópukeppninni eftir slæmt tap á heimavelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

fyrri hálfleiks og voru óheppnir að skora ekki. Í raun var þetta reyndar eina hættulega sókn þeirra í leiknum. „Við spiluðum öfluga vörn en féllum of aftarlega. Það vill oft gerast þegar spilað er gegn eins öflugu liði og Karpaty er að menn eru reknir niður í skotgrafirnar.“

Logi var svekktur með byrjunina á seinni hálfleik. „Þeir höfðu ekki mikið skapað sér færi áður en fyrsta markið kom og þessar átta mínútur í byrjun seinni hálfleiks

felldu okkur. Þetta úkraínska lið er geysilega öflugt í stöðunni maður gegn manni og vinnur nánast öll návígi sem það fer í,“ sagði Logi sem er þó ekki til í að leggja árar í bát alveg strax.

„Auðvitað er vonin veik og þetta er mjög sterkt lið. En nú búum við yfir meiri vitneskju um þá og vonandi verða þeir værukærir. Þegar við förum fyrir hönd félagsins í Evrópukeppni leggjum við okkur alltaf alla fram.“

elvargeir@frettabladid.is



**HEIMSMEISTARAR** Carles Puyol og Xavi eru báðir í úrvalsliði HM. MYND/AP

FIFA tilkynnti heimsliðið:

## Sex Spánverjar í úrvalsliði HM

**FÓTBOLTI** Spánverjar eiga sex af ellefu leikmönnum í úrvalsliði HM í Suður-Afríku en valið var tilkynnt á heimasíðu Alþjóðaknattspyrnusambandsins.

Besti ungi leikmaðurinn og handhafi gullskósins, Þjóðverjinn Thomas Muller, kemst ekki í liðið og í liðinu er aðeins einn leikmaður Hollendinga þrátt fyrir að þeir hafi farið alla leið í úrslit.

Vicente del Bosque, þjálfari heimsmeistara Spánverja, var kosinn þjálfari úrvalsliðsins. - óój

**ÚRVALSLIÐ HM 2010:**

| | |
|---|---|
| Markvörður | Iker Casillas, Spáni |
| Varnarmenn | Sergio Ramos, Spáni |
| | Maicon, Brasilíu |
| | Carles Puyol, Spáni |
| | Philipp Lahm, Þýskalandi |
| Miðjumenn | Andrés Iniesta, Spáni |
| | Xavi, Spáni |
| | Bastian Schweinsteiger, Þýskalandi |
| | Wesley Sneijder, Hollandi |
| Framherjar | Diego Forlán, Úrúgvæ |
| | David Villa, Spáni |

Garðar Gunnlaugsson:

## Búinn að semja

**FÓTBOLTI** Garðar Gunnlaugsson mun spila með þýska C-deildarliðinu SpVgg Unterhaching næstu tvö tímabil en þetta var tilkynnt á heimasíðu félagsins í gær.

Þjálfari Unterhaching er hinn gamalkunni Klaus Augenthaler fyrrum heimsmeistari með þýska landsliðinu og hann er ánægður með að fá Garðar sem skoraði 4 mörk í tveimur æfingaleikjum með liðinu. - óój

Alfreð Finnbogason skoraði þrennu gegn Stjörnunni og er leikmaður 11. umferðar að mati Fréttablaðsins:

# Eru örugglega komnir með nóg af mér

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason skoraði sína aðra þrennu gegn Stjörnunni á árinu og hlýtur fyrir vikið nafnbótina leikmaður 11. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu og Vísi.

Alfreð skoraði þrennu gegn Stjörnunni í æfingaleik fyrir mótið og í fyrra skoraði hann fyrst eitt og svo tvö mörk í sigrum Blika á Stjörnunni. „Þeir eru örugglega komnir með nóg af mér,“ sagði Alfreð um Stjörnumenn.

Þetta er fyrsta þrennan í meistaraflokki hjá Alfreð í mótsleik.Sigur í leiknum tryggði það að Ólafur Kristjánsson þjálfari þarf að fara í hálf ólympíska þríþraut sem hann á enn eftir að efna. „Því verður fylgt eftir strax eftir helgi,“ segir Alfreð léttur.

Blikar hafa skorað 2,36 mörk að meðaltali í leik í sumar, alls 26 mörk í 11 leikjum. „Óli leggur sóknarleikinn upp þannig að við sækjum hratt. Við spilum auðvitað líka eftir andstæðingnum en við höldum alltaf í sömu gildin, að spila í kringum mótherjann. Við viljum halda boltanum niðri,“ segir Alfreð sem hefur skorað átta mörk í sumar.

Velgengnin endurspeglast að hans mati í leikgleðinni. „Það er gríðarlega skemmtielgt að vera í svona liði. Ég held að það sjáist líka langar leiðir hvað er gaman hjá okkur. Liðið þekkist vel og við kunnum vel hver á annan. Stemningin í búningsherberginu er líka góð og leikgleðin og árangurinn haldast í hendur,“ segir Alfreð.

Framtíðin hjá kappanum er nokkuð skýr, hann verður eftirsóttur í sumar og getur eflaust valið úr félögum erlendis. „Ég fór aðeins út í fyrra en ég vil stjórna ferlinu betur sjálfur núna. Ég er mjög sáttur við að spila hér heima og sanna að ég var ekki bara góður í eitt tímabil. Það hefur gengið vel,“ segir Alfreð.

Hann horfir til þess að fara til Danmerkur, Belgíu eða Hollands, „eða eitthvert þar sem er spilaður skemmtilegur fótbolti sem hentar mér.“ - hþh



**ALFREÐ FINNBOGASON** Blikinn ungi hefur verið óstöðvandi gegn Stjörnunni á árinu 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verslunarmiðstöðvar velja Fréttablaðið

Reyndir auglýsendur eru meðvitaðir um þá staðreynd að 95% dagblaðalesenda lesa Fréttablaðið. Þeir vita líka að Morgunblaðið bætir einungis 5% við þann hóp. Auglýsingaféð nýtist því betur þegar Fréttablaðið er valið – og það skilar árangri!

| | FRÉTTABLAÐIÐ | MORGUNBLAÐIÐ |
|---|---|---|
| SMÁRALIND | 82% | 18% |
| KRINGLAN | 95% | 5% |
| FJÖRÐUR | 100% | 0% |
| GLÆSIBÆR | 100% | 0% |
| HOLTAGARÐAR | 0% | 100% |
| KORPUTORG | 100% | 0% |

Heimild: Gagnagrunnurinn „Auglýsingamarkaðurinn í tölum" frá Capacent Gallup 2010.

## Auglýsing í Fréttablaðinu er allt sem þarf




**5%** Lesa bara Morgunblaðið

**68%** Lesa bara Fréttablaðið

**27%** Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

**95%** Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.



> **Chris Rock**

„Það er aðeins þrennt sem konur þurfa í lífinu: mat, vatn og hól“.

***Chris Rock leikur og leikstýrir kvikmyndinni I Think I Love My Wife sem er á STÖÐ 2 Bíó kl. 20.00 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ROÐNAR YFIR BARNATÍMANUM

# Leggjalangar dísir í litlum klæðum

Þegar ég var lítil voru Tommi og Jenni auk Stundarinnar okkar eina barnaefnið sem um ræddi. Ég fylgdist því með Jenna sprengja Tomma í loft upp og Tomma berja Jenna með hamri í hausinn dag eftir dag. Bryndís Schram og Þórður húsvörður sáu um mig á sunnudögum en ég horfði á Stundina okkar þangað til tuskubrúður Helgu Steffensen gerðu mig afhuga henni.

Deila má um boðskapinn í Tomma og Jenna en yfirleitt var vináttan og gleðin við völd í Stundinni. Síðan þá hef ég lítið horft á barnaefni og rak því í rogastans þegar ég tyllti mér fyrir framan skjáinn með fjögurra ára dóttur minni um daginn og horfði á einn þátt með töfradísunum WINX. Boðskapurinn, ef einhver var, fór algjörlega fyrir ofan garð og neðan hjá mér,og sjálfsagt dótturinni líka því dísirnar töluðu ensku. Það var þó ekki enskan sem sló mig út af laginu heldur útgangur og fas dísanna. Fáklæddar og leggjalangar sveigðu þær sig og beygðu svo hnésítt hárið bylgjaðist um herðar og bak. Háir hælarnir ýttu undir lögulegan kúlurassinn sem þær sneru iðulega að okkur.

Myndatakan, ef hægt er að tala um myndatökur í teiknimyndum, bar þess vott að karlmaður hefði þar haldið á málum. En meðan álfaryk þyrlaðist yfir dísirnar féllu af þeim klæðin og augu áhorfenda fengu að renna upp eftir leggjunum, yfir flatan magann og þrýstinn barminn, hulinn af litlili dulu. Dísin sveigði hálsinn, lyngdi aftur augunum með útbreiddan faðminn og ég fór hreinlega að efast um að þetta væri barnatíminn sem ég væri að horfa á.



## FÖSTUDAGUR



▶ **19.15 American Dad** STÖÐ 2



▶ **19.25 The Doctors** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.35 Dansskólinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00 I think I Love My Wife** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.35 The Bachelor** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum** Þáttur um Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum sem fram fór á Laugardalsvelli helgina 10. og 11. júlí. Í þættinum er fylgst með keppendum, árangri þeirra og viðbrögðum og skyggnst inn í hvernig daglegt líf frjálsíþróttamannsins er. (e)
**16.45 Stiklur - Slysið mikla við Mýrar** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (20:26)
**17.35 Fræknir ferðalangar** (54:91)
**18.00 Manni meistari** (6:13)
**18.25 Leó** (17:52)
**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.35 Dansskólinn** (Step Up) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2006 um ungan vandræðagemling í Baltimore sem kynnist efnilegri dansmey. (e)
**21.20 Tvöföld tilvera** (Passion of Mind) Bandarísk bíómynd frá 2000. Þetta er sálfræðileg spennumynd um konu sem lifir tvöföldu lífi, í draumi og veruleika, og áttar sig ekki á skilunum þar á milli.
**23.05 Wallander - Myrkrið** (Wallander: Mörkret) Sænsk sakamálamynd frá 2005. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 My Blue Heaven**
**10.00 The Bucket List**
**12.00 Samurai Girl - Book of the Sword**
**14.00 My Blue Heaven**
**16.00 The Bucket List**
**18.00 Samurai Girl - Book of the Sword**
▶**20.00 I Think I Love My Wife**
**22.00 Mercenary for Justice**
**00.00 Wind Chill**
**02.00 Lucky Number Slevin**
**04.00 Mercenary for Justice**
**06.00 Knocked Up**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Kalli litli Kanína og vinir, Hvellur keppnisbíll, Lalli
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Chuck** (22:22)
**11.50 The Moment of Truth** (22:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway** (6:14)
**13.45 La Fea Más Bella** (202:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (203:300)
**15.25 Wonder Years** (3:17)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli Kanína og vinir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
▶**19.15 American Dad** (4:20)
**19.40 The Simpsons** (4:21)
**20.05 Here Come the Newlyweds** (2:6)
**20.50 Mr. Wonderful** Rómantísk gamanmynd þar sem Matt Dillon fer á kostum í hlutverki manns sem þarf að gera allt hvað hann getur til að koma fyrrverandi eiginkonu sinni aftur upp að altarinu.
**22.30 The River King** Sakamálamynd með Edward Burns í hlutverki lögreglumanns sem sendur er til að rannsaka lát ungs einkaskólanema sem finnst fljótandi í á.
**00.05 Stay Alive** Hrollvekja um fjögur ungmenni sem ákveða að rannsaka dularfullt dauðsfall sameiginlegs vinar sem þau telja að tengist vafasömum tölvuleik.
**01.30 Perfect Stranger** Hörkuspennandi sálfræðitryllir með Halle Berry og Bruce Willis í aðalhlutverkum.
**03.15 Memento Mori** Suður-kóreísk hrollvekja af bestu gerð um dularfulla dagbók sem veldur því að þeir sem lesa hana láta lífið.
**04.55 Here Come the Newlyweds** (2:6)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**18.00 John Deere Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**18.55 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**19.20 Hermann Hreiðarsson** Annar í röðinni í þessari mögnuðu seríu um fremstu atvinnumenn þjóðarinnar er Hermann Hreiðarsson.
**20.00 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers** Útsending frá leik Boston og Lakers í lokaúrslitum NBA körfuboltans.
**22.00 Barcelona 2** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í Barcelona á Spáni.
**22.55 Main Event: Day 8** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**00.30 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**18.30 Slóvakía - Ítalía** Útsending frá leik Slóvakíu og Ítalíu á HM 2010.
**20.30 Danmörk - Japan** Útsending frá leik Danmerkur og Japans á HM 2010.
**22.20 Football Legends** Að þessu sinni verður fjallað um hinn kyngimagnaða Pele sem af mörgum er talinn einn af bestu knattspyrnumönnum heims fra upphafi.
**22.50 Úrúgvæ - S-Kórea** Útsending frá leik Úrúgvæ og S-Kóreu í 16-liða úrslitum á HM 2010.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.35 Sumarhvellurinn** (5:9) (e)
**08.00 Opna breska meistaramótið 2010** (2:4) Allir bestu kylfingar heims mæta til leiks á opna breska meistaramótinu sem sýnt er í beinni útsendingu í opinni dagskrá á SkjáEinum.
**19.00 Being Erica** (10:13)
**19.45 King of Queens** (9:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Biggest Loser** (12:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið.
▶**21.35 The Bachelor** (8:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.
**22.25 Parks & Recreation** (11:24) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**22.50 Law & Order UK** (10:13) (e) Bresk sakamálasería um lögreglumenn og saksóknara í London sem eltast við harðsvíraða glæpamenn. Heimilislaus maður er barinn til óbóta í almenningsgarði íbúar í hverfinu virðist ekki vilja aðstoða lögreglu við rannsókn málsins.
**23.40 Life (13:21) (e)**
**00.30 Last Comic Standing (3:11) (e)**
**01.15 King of Queens (9:23) (e)**
**01.40 Battlestar Galactica (19:22) (e)**
**02.20 Battlestar Galactica (20:22)**
**03.00 Jay Leno (e)**
**03.45 Jay Leno (e)**
**04.30 Girlfriends (12:22) (e)**
**04.50 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin í sumarskapi
**21.00 Hrafnaþing** Gestir á seinna Hrafnaþingi konur í atvinnulífinu
**21.30 Hrafnaþing** Gestir á seinna Hrafnaþingi konur í atvinnulífinu

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Here Come the Newlyweds**



Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í alls kyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð. Reynir þar ekki aðeins á hæfni þeirra og úrræðasemi á öllum mögulegum sviðum heldur einnig sambandið sjálft og hversu vel hin nýgiftu pör ná að vinna saman og þekkja hvort annað.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Mr. Wonderful**
**Stöð 2 kl. 20.50**

Rómantísk gamanmynd þar sem Matt Dillon fer á kostum í hlutverki manns sem þarf að gera allt hvað hann getur til að koma fyrrverandi eiginkonu sinni aftur upp að altarinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Stimpilklukkan
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Lois and Clark: The New Adventure** (21:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet þar sem hann tekur að sér mörg verkefni og leysir vel af hendi, bæði sem blaðamaður og Ofurmennið.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 The Closer** (3:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**22.30 Fringe** (22:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.

**23.15 The Wire** (7:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.

**00.15 The Doctors**

**01.00 Lois and Clark: The New Adventure** (21:21)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Only Fools and Horses **12.55** My Family **13.25** My Family **13.55** After You've Gone **14.25** After You've Gone **14.55** Dalziel and Pascoe **15.45** The Weakest Link **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Grownups **19.00** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **19.30** Mistresses **20.20** The Jonathan Ross Show **21.10** Grownups **21.40** Whose Line Is It Anyway? **22.10** Doctor Who **22.55** Whose Line Is It Anyway? **23.25** Grownups **23.55** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps)

## DR 1

**12.00** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Det sode liv **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Palle Gris på eventyr **15.55** Molly Monster **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Sommersang i Mariehaven **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret **19.40** Aftentour 2010 **20.05** Rush hour **21.40** Cruel Intentions **23.10** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommertid **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** Kroppen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Riksarkivet **17.55** Friidrett. Diamond League **20.00** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tause vitner **21.55** Hotel Babylon **22.50** Lisa Nilsson og Niels Lan Doky live i Paris **23.40** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.35** Mat och grönt på Friland **13.05** I vithajens vatten **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Djursjukhuset **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundkoll **16.45** Din plats i historien **16.50** Solens mat **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Hemma hos Timo Räisänen **19.00** På heder och samvete- **21.15** Nightmares and dreamscapes **22.00** Fight Club




## SUMARFRÍIÐ MITT



*„Ég hef í raun engin sumarfrísplön þar sem ég er í námi og vinn mikið í sumar. En ég ætla þó að skjótast um helgar út úr bænum í sumarbústað og hitta vini og ættingja.“*

Brynja Dögg Friðriksdóttir, nemi í heimildarmyndagerð.



**LÁRÉTT**
**2.** loga, **6.** átt, **8.** hryggur, **9.** arg, **11.** skst., **12.** hlutdeild, **14.** krapi, **16.** í röð, **17.** kvk nafn, **18.** andi, **20.** stefna, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining, **3.** í röð, **4.** jarðbrú, **5.** sjáðu, **7.** deilur, **10.** fjallaskarð, **13.** tækifæri, **15.** bata, **16.** kæla, **19.** 950.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** nv, **8.** bak, **9.** sig, **11.** no, **12.** aðild, **14.** slabb, **16.** íj, **17.** gró, **18.** sál, **20.** út, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** únsa, **3.** áb, **4.** landbrú, **5.** sko, **7.** viðsjár, **10.** gil, **13.** lag, **15.** bóta, **16.** ísa, **19.** lm.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Raiffeisen Zentralbank.
2. Grindavíkur.
3. Karpaty Lviv.




ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is




Allt sem þú þarft...

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

Póst húsið


# Fyrirsætan Natalia Vodianova í Reykjavík

Rússneska fyrirsætan Natalia Vodianova er stödd á Íslandi. Sést hefur til hennar á rölti um miðbæ Reykjavíkurborgar. Hefur hún vakið athygli meðal vegfarenda og búðareigenda á Laugaveginum enda stórglæsileg kona og flestir sem fletta tískublöðum ættu að kannast við andlit hennar. Natalia er ein þekktasta fyrirsæta í heiminum í dag og var númer sjö á lista Forbes yfir ríkustu fyrirsætur í heimi. Hún var einnig kynnir í Eurovision á síðasta ári þegar keppnin var haldin í Moskvu.

Natalia sást á röltinu um miðbæinn í vikunni með dökkhærðum manni en það mun ekki hafa verið eiginmaður hennar. Þau röltu um miðbæinn og komu meðal annars við í skartgripabúðinni OR á Laugaveginum. Heiða, starfsstúlka í búðinni, kannaðist við ofurfyrirsætuna sem skoðaði íslensku gullsmíðina gaumgæfilega en festi ekki kaup á neinu. „Maðurinn sem var með henni hringdi á undan sér og spurði hvort við værum ekki örugglega enn þá á sama stað. Hann hafði komið hérna áður og vildi sýna Nataliu skartgripina,“ segir Heiða.

Rússneska fyrirsætan er 28 ára og þriggja barna móðir. Hún hefur verið gift breska fasteignaerfingjanum, Justin Trevor Berkeley Portman, síðan árið 2001.

Fréttablaðið grennslaðist fyrir um ferðir ofurfyrirsætunnar á Íslandi og hafði samband við umboðsskrifstofu hennar, Why Not model agency í Mílanó, en þeir sögðust ekki vita neitt um ferðir hennar þessa dagana. Ekki er því vitað hvort um frí eða vinnuferð var að ræða hjá fyrirsætunni, sem hefur verið á forsíðu breska Vogue sjö sinnum.

Flestir þeir sem urðu varir við ferðir Nataliu í Reykjavík höfðu orð á því hvað hún væri einstaklega fögur og sæist langa leið að þarna væri á ferðinni ofurfyrirsæta. **- áp**



**NAUT SÓLARINNAR Í REYKJAVÍK** Rússneska ofurfyrirsætan Natalia Vodianova kíkti í búðir á Laugaveginum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

HJÖRDÍS LILJA ÖRNÓLFSDÓTTIR: SLASAÐIST Á DANSSÝNINGU Í PÓLLANDI

# Mátti ekki fara með gifs í flug og reif það því af sér

Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknum, slasaðist illa á sýningu flokksins í Póllandi fyrir stuttu. Hjördís Lilja var flutt á spítala strax að sýningu lokinni þar sem öxlin á henni var gifsuð sem varð til þess að henni var meinað að fara um borð í flugvélina heim til Íslands.

„Þetta var síðasta sýningin okkar í Póllandi og rétt fyrir lokaatriðið okkar fór ég í lyftu og lenti heldur illa úr henni og datt á öxlina. Ég fann strax að það var eitthvað mikið að því ég gat ekki hreyft á mér vinstri handlegginn, ég kláraði samt dansinn og reyndi að koma því til skila til dansfélaganna að ég gæti ekki hreyft handlegginn. Ég man þetta ekki nákvæmlega en við náðum þó að klára verkið,“ segir Hjördís Lilja, en við fallið slitnuðu liðbönd sem halda viðbeininu við öxlina auk þess sem hún tognaði.

„Eftir sýninguna var ég keyrð upp á næsta spítala þar sem voru aðeins tveir læknar á vakt og þeir voru báðir í aðgerð. Við biðum í svolitla stund og þá kom annar læknirinn fram með blóðuga hanska og sagðist geta litið á mig ef ég biði í fimm klukkutíma.“ Hjördís Lilja ákvað að prófa annan spítala en þar var einnig löng bið eftir lækni en á þriðja spítalanum komst hún loks undir læknishendur. „Þar var ég send í röntgen og svo sett í brjálað gifs sem náði mér niður að mitti og handleggurinn var gifsaður fastur við líkamann,“ útskýrir Hjördís Lilja sem lenti svo í miklum vandræðum þegar hún ætlaði að fljúga heim.

„Ég lenti í vandræðum strax við innritunina vegna gifsins og svo aftur við öryggishliðið. Þegar það voru um tuttugu mínútur í að við máttum fara um borð fékk ég þær fréttir að ég mætti ekki fljúga þar sem ég væri ekki með neitt læknisvottorð. Mér tókst að sannfæra manninn um að ég væri ekki of alvarlega slösuð og það hann um að redda mér áhaldi til að rífa af mér gifsið, sem hann gerði. Ég og vinkona mín fórum svo inn á klósett þar sem við náðum á einhvern hátt að rífa þetta allt utan af mér. Sem betur fer var ég með aukabol í handfarangrinum því annars hefði ég bara verið ber að ofan,“ segir hún og hlær.



**HÖRKUKVENDI** Hjördís Lilja Örnólfsdóttir dansari lenti í miklum vandræðum þegar hún ætlaði að fljúga heim frá Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

> Ég og vinkona mín fórum svo inn á klósett þar sem við náðum á einhvern hátt að rífa þetta allt utan af mér.
>
> **HJÖRDÍS LILJA ÖRNÓLFSDÓTTIR**
> DANSARI Í ÍSLENSKA DANSFLOKKNUM

Hjördís Lilja segist eiga eftir að ná fullum bata og kveðst heppin að öxlin sjálf hafi ekki brotnað við fallið.

**sara@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Ólafur Darri Ólafsson** og nokkrir félagar hans úr leikarastétt og skemmtanabransanum hafa verið áberandi í auglýsingum Símans undanfarna mánuði. Þeir félagar hafa auglýst 3G-net fyrirtækisins af miklum móð, fyrst í eftirminnilegumþemapartíum og nú síðast í mýrarbolta og á vespum. Nú heyrist af því að enn ein auglýsingin sé væntanleg og þar mun frægt bensínstöðvaratriði úr kvikmyndinni Zoolander vera haft til fyrirmyndar.



Félagar úr leikhópnum Vesturporti voru staddir í Súðavík á dögunum og nutu þar lífsins. Meðal viðstaddra var **Björn Thors** sem einmitt hefur farið mikinn í áðurnefndum auglýsingum. Hópurinn horfði á úrslitaleik HM í knattspyrnu í félagsheimili á staðnum og þar var gleðin við völd. Björn hafði nýlokið upptökum á Zoolander-auglýsingunni og lét sér ekki muna um að splæsa bjór á alla viðstadda. Lét leikarinn svo um mælt að bjórinn væri í boði Símans.

**Friðrik Weisshappel** hefur nú bætt sextánda húðflúrinu við safnið sitt en það er stórt, blátt, akkeri sem hann lét setja á vinstri framhandlegg sinn. Þrátt fyrir að Friðrik hafi verið á sjó á Eskifirði um 18 ára aldur ku hann þó ekki hafa fengið sér það út af tengingu við sjómennskuna. Akkerið stendur fyrir festu, en Friðrik er vel kvæntur og á von á sínu öðru barni. Friðrik hefur leitað rétta akkerisins í að verða ár og fann það að lokum í skjaldarmerki tengdafjölskyldu sinnar. **- afb/ls**



# Feta í fótspor hljómsveitar Buddy Holly

„Við fórum ekki beint í prufu fyrir þetta. Þeir höfðu samband og spurðu hvort við vildum prufa að koma saman. Við slógum til og spiluðum nokkur lög fyrir þá og þeir réðu okkur í framhaldi af því,“ segir Hannes Friðbjarnarson úr hljómsveitinni Buff.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu verður söngleikurinn um Buddy Holly frumsýndur í Austurbæ í október. Ingó í Veðurguðunum fer með hlutverk söngvarans en sá stóð ekki einn á sviði. Holly hafði bandið The Crickets sér til halds og trausts á sviðinu og nú hefur verið ráðið í hlutverk þeirra. Ásamt Hannesi verða Guðmundur Stefán Þorláksson gítarleikari úr hljómsveitinni Hraun og Baldur Ragnarsson bassaleikari úr Ljótu Hálfvitunum sem fara með hlutverk bandsins. Þeir félagar eiga sér ekki langa sögu á sviði nema þá helst hann Baldur. Hann hefur um árabil verið mjög virkur í áhugaleikhópum og nú síðast í söngleiknum ROKK. Hannes hefur meðal annars gert garðinn frægan í útlöndum í rússneskum vodkaauglýsingum en lítið hefur spurst um leikafrek Guðmundar.

„Ég hef aldrei spilað neitt af lögum Buddy Holly og The Crickets en þau eru grunnurinn að rokkinu þannig að þetta liggur vel fyrir okkur,“ segir Hannes. „Þeir sem lifa og hrærast í músík þekkja til Buddy Holly og The Crickets og einhverra laga þeirra. Þetta leggst vel í mig og hópurinn sem búið er að nefna virðist ætla að verða frábær.“

Bandið kemur saman í ágúst til að renna yfir þennan fimmtán laga lista sem búið er að setja saman fyrir sýninguna. Það er síðan í september sem allur hópurinn kemur saman og æfingar hefjast á sviði í Austurbæ.

„Það er bara Buddy Holly í spilaranum út sumarið til að fá þetta beint í æð,“ segir Hannes að lokum. **- ls**



**THE CRICKETS** Hannes, Baldur og Gummi fara með hlutverk hljómsveitarinnar The Crickets í söngleiknum um líf Buddy Holly. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# GÁMA SALA

## FÁRÁNLEG VERÐ!!!

FULLUR GÁMUR AF GLÆNÝJUM ALVÖRU MONGOOSE FJALLAHJÓLUM Á FRÁBÆRUM VERÐUM FIMMTUDAG TIL LAUGARDAGS

## AÐEINS ÞESSA 3 DAGA!!!

ekki missa af þessu!



## NÝTT

KORTATÍMABIL



mongoose®
alvöru hjól

WWW.GAP.IS

GAP

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Landsins mesta úrval af girðingaefni
www.lifland.is




## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Ráðherrar í fríi

Greint var frá því á vefmiðlum í gær að sex ráðherrar í ríkisstjórninni hefðu tekið sér frí frá störfum. Kristján Möller samgönguráðherra var þó ekki einn þeirra, en hann var við vinnu í gær auk þess að hlaupa í skarð þeirra Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra og Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra. Ekkert þeirra var reyndar í fríi heldur voru þau öll stödd erlendis á vegum ráðuneyta sinna. Eftir annasama daga við umsjón fjögurra ráðherraembætta ætlar Kristján hins vegar að hefja stutt frí í dag.

### Lokað vegna sólar

Góða veðrið á höfuðborgarsvæðinu fór líklega framhjá fáum í gær. Í félagsmálaráðuneytinu var það ákveðið að vegna veðurs fengju starfsmenn ráðuneytisins sólarfrí í dag. Starfsmennirnir voru að vonum ánægðir með þessa ráðstöfun, en sama var ekki að segja um starfsmenn annarra ráðuneyta sem sáu fréttirnar á Facebook. Meðal þeirra voru starfsmenn í forsætisráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, sem kvörtuðu yfir því að ekki væri gefið sams konar frí í þeirra ráðuneytum. - þeb



## Mest lesið vísir.is

1. Jón Ásgeir ætlar að krefjast kyrrsetningar á eignum Steinunnar
2. Danskur fíkniefnahundur fann 100 milljónir í reiðufé
3. Hjálpsama löggan
4. Stórskemmdu Porsche-jeppa
5. Heilu húsin flutt til og frá á Suðurlandi
6. Dældu bensíni á dísil-jeppa á Eskifirði


SUMARÚTSALA
á útivistarfatnaði



LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri



# Bestu flugurnar

## Já, þú færð allar bestu flugurnar á betra verði hjá okkur


Peacock - 220 krónur


Killer - 220 krónur


Krókur - 280 krónur


Alma Rún - 220 krónur


Watson Fancy - 220 krónur


Flæðarmús - 290 krónur


Rektor - 290 krónur


Black Ghost - 290 krónur


Nobbler - 290 krónur


Bleik og blá - 290 krónur


Stekkur Blá - 390 krónur


Hairy Mary - 390 krónur


Rusty Rat - 390 krónur


Colburn Special - 390 krónur


Black Brahan - 390 krónur


HKA Sunray (Bismo) - 450 krónur


HKA Sunray (Bismo) - 450 krónur


Green Brahan örkeila - 390 krónur


Sunray Shadow - 390 krónur


Black Eyed Prawn - 450 krónur


Snælda - 450 krónur


Fransis - 450 krónur


Skógá - 450 krónur


Tvívængja - 450 krónur


Black Sheep - 450 krónur

Í sérverslun fluguveiðimannsins á netinu, Flugan.is, færðu á fjórða hundrað gerðir af vönduðum, vel hnýttum og veiðnum flugum. Flestar þeirra færðu einnig í Veiðihorninu, Síðumúla 8

**Kannastu við þessar?**

Fransis, Snælda, Blue Charm, Avatar, Collie Dog, Green Butt, Bismo, Flæðarmús, Hairy Mary, Peacock, Killer, Sunray Shadow, Kötturinn, Green Brahan, Black & Blue, Skröggur, Rusty Rat, Randy Candy, Mýsla, Leonardo, María, Colburn Special, Black Ghost, Krókur, Black Labrador, Héraeyra, Skógá, Green Highlander, Kolskeggur, Blue Sheep, Undertaker, Iða, Hólmfríður, Haugur, Gray Ghost, Nagli, Nobbler, Super Tinsel, Red Butt, Black Sheep, Dimmblá, Rektor, Crossfield, Laxá Blá, Dýrbítur, Þingeyingur, Alder, Montana, Black Gnat, Dark Side of the Moon, Stardust, Alda, Dentist, Silver Sheep, Munroe Killer, Rocket, Alma Rún, Watson Fancy

**Veldu úr yfir 300 gerðum af flugum á Flugan.is**
**Eða komdu við í Veiðihorninu Síðumúla 8 – Opið alla daga**
**Gerðu verð og gæðasamanburð. Fjölmargir veiðimenn hafa áttað sig á því að það margborgar sig.**

Flugan.is VEIÐIHORNIÐ

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðihornið • Síðumúla 8 • 568 8410 • veidihornid.is